FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
295. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER 2017




**Óréttlátt spil** Öryrkjabandalagið færði í gær alþingismönnum í jólagjöf borðspilið Skerðingu – sem kynnt er sem ömurlegt spil fyrir alla fjölskylduna. „Þetta eru umtalsverð vonbrigði,“ er haft eftir Þuríði Hörpu Sigurðardóttur, formanni Öryrkjabandalagsins, á vef ÖÍ því að í fjárlagafrumvarpi næsta árs fari lítið fyrir kjarabótum til örorkulífeyrisþega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Krafa flugvirkja er 20% launahækkun

**Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir kröfur flugvirkja margfeldi af því svigrúmi sem er til staðar. Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands, segist vera farinn að setja sig í stellingar fyrir verkfall á sunnudagsmorgun.**

**KJARAMÁL** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fara flugvirkjar fram á 20 prósenta launahækkun í skammtímasamningi í viðræðum sínum við Samtök atvinnulífsins (SA). Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segist í samtali við blaðið ekki geta staðfest nákvæma tölu í kröfugerð flugvirkja. Hins vegar geti hann sagt að ef gengið yrði að kröfu flugvirkja væri sá kjarasamningur kostnaðarsamari en nokkur dæmi eru um í samningum SA undanfarna tvo áratugi.

„Kröfur flugvirkja eru óaðgengilegar með öllu og margfeldi af því svigrúmi sem er til staðar,“ segir Halldór Benjamín. „Tíminn er á þrotum og það eru miklir hagsmunir undir hjá tugþúsundum viðskiptavina og fjölskyldum þeirra í aðdraganda jóla.“



> Það er ekkert að gerast.
>
> Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands

Fundi flugvirkja hjá Icelandair og SA var slitið upp úr sjö í gær. Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands, segir enga breytingu hafa orðið eftir fundinn. „Það er ekkert að gerast. Þeirra samninganefnd virðist óskö róleg yfir stöðu mála. Ég er að minnsta kosti farinn að setja mig í stellingar fyrir verkfall á sunnudag.“

Flugvirkjar hjá Icelandair hafa boðað til ótímabundins verkfalls frá og með klukkan sex á sunnudagsmorgun. Ljóst er að slík verkstöðvun gæti haft áhrif á ferðaáætlanir um tíu þúsund farþega á dag. Um 300 flugvirkjar starfa nú hjá flugfélaginu. – **hae, ósk**

## Biggest Loser meiri menning en kórsöngur

**LÍFIÐ** Sagafilm fær ekki endurgreiðslu upp á 25 prósent af framleiðslukostnaði við gerð þáttanna Kórar Íslands sem voru á dagskrá Stöðvar 2 í vetur undir stjórn Friðriks Dórs.

Ástæðan mun vera skortur á menningarlegu gildi. Biggest Loser Ísland og bandarískur bílaeltingaleikur þóttu hins vegar nægilega menningarlegir fyrir nefndina.

Gert var ráð fyrir endurgreiðslunni þegar ákveðið var að gera þættina og er tap Sagafilm því mikið. Farið verður yfir málið með lögfræðingum á næstu dögum, að sögn Hilmars Sigurðssonar, forstjóra Sagafilm.

„Við trúum þessu varla enn þá,“ segir Hilmar. – **bb** / sjá síðu 42

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kolbrún Baldursdóttir skrifar um jól og fátæk börn. 18

**MENNING** Ný bók um kljásteinavefstaði fyllir inn í kvennasöguna. 31

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












## Veður




Hæg norðlæg átt í dag og léttskýjað en dálítil él norðaustanlands. Austlægari um kvöldið og þykknar upp suðvestan til. Víða frost en talsvert inn til landsins. SJÁ SÍÐU 24

# Hundrað sinnum Elly



Tímamót urðu í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi er leikritið Elly, um hina ástsælu söngkonu Elly heitna Vilhjálms, var sýnt í eitt hundraðasta skipti. Aðalhlutverkið er í höndum Katrínar Halldóru Sigurðardóttur sem var mætt í smink er Fréttablaðið bar að garði fyrir sýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fær 800 þúsund í eingreiðslu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórinn á Akureyri, Eiríkur Björn Björgvinsson, fær um 800 þúsund krónur í eingreiðslu vegna afturvirkrar leiðréttingar á launum, samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbæ. Bæjarráð samþykkti á fundi í gær viðauka við ráðningarsamning bæjarstjórans.

Í viðaukanum felst að laun bæjarstjórans taka frá júní 2016 mið af breytingum á launavísitölu, í stað þess að taka mið af almennum úrskurðum kjararáðs. Launin höfðu, að sögn forseta bæjarstjórnar, staðið óbreytt frá þeim tíma.

Launin taka breytingum samkvæmt vísitölunni tvisvar á ári, í janúar og desember. Laun Eiríks Björns voru 1.473 þúsund krónur á mánuði sumarið 2016 en hækkuðu, vegna ákvörðunar bæjarráðs í gærmorgun, í 1.501 þúsund krónur á mánuði í janúar 2017. Þau hækkuðu svo í 1.581 þúsund krónur á mánuði í júní og standa þar.

Hækkunin á milli áranna 2016 og 2017 nemur 7,3 prósentustigum. Laun hans hafa hækkað um 107 þúsund krónur á mánuði á tímabilinu.



**Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri.**

Bæjarstjórinn gæti átt von á annarri launahækkun um mánaðamótin en samkvæmt vef Hagstofunnar hækkaði launavísitalan frá júní til október um 1,1 prósent. Ef vísitalan hækkar ekki meira síðustu tvo mánuði ársins nemur vænt hækkun á launum Eiríks rúmum 17 þúsund krónum.

Fram kom í úttekt sem DV gerði á launum bæjarstjóra landsins í sumar að Eiríkur fengi að auki greitt fyrir notkun á eigin bifreið í þágu bæjarins. Fram kom að hann fengi ekki sérstaklega greitt fyrir setu á fundum nefnda, ráða eða bæjarstjórnar. **– bg**

## Vilja nú hætta við ofurbónusa

**VIÐSKIPTI** Stjórn Klakka hefur ákveðið að mæla með því við hluthafa félagsins að fyrirhugaðar kaupaukagreiðslur, sem hluthafafundur samþykkti á mánudag, verði dregnar til baka.

Ástæðan fyrir ákvörðuninni eru hin hörðu viðbrögð sem kaupaukagreiðslurnar vöktu hjá almenningi eftir að Fréttablaðið greindi frá því í forsíðufrétt á miðvikudag að stjórnendur Klakka gætu fengið samanlagt um 550 milljónir króna í bónus í tengslum við sölu á Lykli, stærstu eign Klakka.

„Stjórnin hefur hlýtt á þær athugasemdir sem fram hafa komið og og telur að óhjákvæmilegt sé að bregðast við til að skapa traust í garð félagsins. Slíkt traust sé enda grundvallaratriði fyrir alla sem stunda viðskipti á Íslandi,“ segir í tilkynningu sem stjórn Klakka sendi frá sér. **– gar**

# Deilt um bætur eftir að kýr varð fyrir bíl í Kjós

**Ungur ökumaður ók á kú í myrkri á Kjósarskarðsvegi. Skepnan drapst og bíllinn er ónýtur. Tryggingarfélögum ber ekki saman um hver ber ábyrgð á óhappinu. Amma bílstjórans segist ekki sætta sig við að tjónið lendi á dóttursyni sínum.**

**TRYGGINGAR** „Hver sem er hefði getað lent í þessu. Það var myrkur og kýrin svört. Þetta var eins og að keyra á vegg,“ segir Guðveigur Steinar Ómarsson sem ók á kú á Kjósarskarðsvegi í byrjun október. Hann missti meðvitund við áreksturinn, bíllinn er ónýtur og skepnan drapst. „Ég skil ekki hvernig það getur verið að ég eigi að sitja uppi með tjónið. Ég hélt að skepnur ættu ekki að vera að þvælast úti á vegi,“ segir Guðveigur.

Sjóvá, tryggingarfélag bóndans sem átti kúna, krefst þess að tryggingarfélag Guðveigs, VÍS, bæti honum skepnuna. VÍS hafnar þeirri kröfu. „Mér finnst óréttlátt ef tryggingarnar og bóndinn ætla að koma allri ábyrgð á dýrinu yfir á dóttursson minn. Ég ætla ekki að kyngja því,“ segir Guðlaug Guðveigsdóttir, amma ökumannsins.

Guðlaug segist vera bæði sár og reið. „Sjóvá telur bóndann ekki bera neina ábyrgð á þessu. Að hann hafi ekki sýnt gáleysi og að drengurinn beri ábyrgð á dýrinu. Ég skil ekki þessi lögmál. Einhvern veginn komst kvígan upp á veginn.“

Guðlaug segir slysið hafa verið mikið áfall fyrir drenginn en sjálfur segist hann allur vera að koma til, andlega og líkamlega, þótt óvissan um bótaskylduna hvíli á honum.

Gunnar Atlason, sérfræðingur hjá VÍS, segir mál sem þessi geta verið margslungin. „Vandamálið við þetta hvað tryggingar varðar er að eigendur stórgripa þurfa að verða uppvísir að stórkostlegu gáleysi. Til dæmis með því að skilja hlið eftir opið. Sönnunarbyrðin hvílir hins vegar á ökumanninum. Óháð eðli



**Guðveigur Ómarsson mætti ásamt ömmu sinni, Guðlaugu Guðveigsdóttur, til skýrslutöku á lögreglustöðina í Grafarholti í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég hélt að skepnur ættu ekki að vera að þvælast úti á vegi.**
>
> Guðveigur Steinar Ómarsson



mála þarf enginn að sanna sakleysi sitt í réttarríki.“

Gunnar segir tryggingarfélög leggja frumskýrslu lögreglu til grundvallar bótaskyldu en málin geti tekið aðra stefnu komi viðbótargögn fram síðar. Og þar stendur hnífurinn í kúnni núna, ef svo má að orði komast, en rannsóknardeild lögreglustöðvarinnar í Grafarholti er með slysið í skoðun.

Þangað fór Guðveigur, ásamt ömmu sinni, til skýrslutöku í gær. „Ég átti gott spjall við rannsóknarlögreglukonuna sem er með málið og þetta er ekki búið. Þetta verður rannsakað. Það er alveg á hreinu,“ segir Guðlaug sem ætlar með málið alla leið, eins og hún orðar það. **thorarinn@frettabladid.is**



Síminn

# Fersk og safarík jólaepli

150 GB fylgja með öllum farsímum í desember*



## iPhone 8
Verð frá 112.990 kr.

⊕ Þráðlaus Qi hleðslumotta að verðmæti 6.490 kr. fylgir

## iPhone X
Verð frá 167.990 kr.

⊕ Þráðlaus Qi hleðslumotta að verðmæti 6.490 kr. fylgir

## iPhone 8 Plus
Verð frá 127.990 kr.

⊕ Þráðlaus Qi hleðslumotta að verðmæti 6.490 kr. fylgir

### iPhone 5s 16GB
39.990 kr.

Uppgert tæki frá Mint á ómótstæðilegu verði.

⊕ QCY þráðlaus heyrnartól að verðmæti 6.990 kr. fylgja

### iPhone 6s 2017
59.990 kr.

Uppgert tæki frá Mint á glimrandi góðu verði.

⊕ QCY þráðlaus heyrnartól að verðmæti 6.990 kr. fylgja

### Apple Air Pods
24.990 kr.

Lauflétt bluetooth heyrnartól fyrir fólk á fleygiferð.

## Enn fleiri glæsileg tilboð og kaupaukar í jólablaði Símans

Nánar á **siminn.is** og í verslunum Símans í Kringlunni, Smáralind, Ármúla 25 eða Glerártorgi.

*Gildir fyrir Endalausar áskriftarleiðir til 24. desember. 50 GB bætast við áskriftina mánaðarlega í þrjá mánuði.

Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.

TVIST 10952

# Hörð gagnrýni á nýja ríkisstjórn í umræðum um stefnuræðu

**ALÞINGI** Forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína í gærkvöldi og í kjölfarið fylgdu umræður um hana. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar fóru hörðum orðum um hina nýju ríkisstjórn í umræðunum.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði lítið talað um stöðu fátækra á Íslandi í stjórnarsáttmálanum.

„Bilið á milli fátækra og ríkra mun halda áfram að aukast undir forsæti sósíalista, einhvern tímann hefðu það þótt tíðindi,“ sagði Logi.

„Þegar stór orð ýmissa þingmanna fyrr á árinu eru skoðuð, þá í minnihluta og sumir hverjir í dag ráðherrar, er ljóst að hugsjónir hafa vikið, prinsipp hafi verið brotin á síðustu vikum. Það er hægt að kalla þetta hvað sem er, málamiðlanir, tilslakanir eða hvað annað en prinsipp hafa verið brotin,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.



Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, setti Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samstarf ríkisstjórnarflokkanna þriggja er ekki til þess fallið að gleðja Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Miðflokksins.

„Þetta er ekki ríkisstjórn stórra ákvarðana og þetta er ekki umbótastjórn, þetta er kerfisstjórn,“ sagði Sigmundur.

Miðflokksmaðurinn bætti því jafnframt við að ríkisstjórnin stjórnin ætlaði að útdeila peningum í núverandi kerfi og láta svo kerfið sjálft um að stjórna.

„Þetta ágæta fjárlagafrumvarp undirstrikar nákvæmlega það sem ég óttaðist. Það á lítið sem ekkert að gera í kjarabótum fyrir öryrkja,“ sagði Inga Sæland, formaður Flokks fólksins.

Halldóra Mogensen Pírati var gagnrýnin á aðkomu Vinstri grænna að ríkisstjórninni.

Sagði hún að með því að leiða flokk til valda sem hefði staðið gegn almannahagsmunum hefði VG vanmetið hvað það væri sem yrði þjóðfélaginu til heilla til lengri tíma. **– þea**



Vladimir Pútín. NORDICPHOTOS/AFP

## Segir ásakanir á hendur Trump hugarburð

**RÚSSLAND** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur unnið mikilvæg afrek í embætti. Þetta sagði Vladimír Pútín, forseti Rússlands, í gær. Benti hann til að mynda á ris Dow Jones vísitölunnar og sagði það benda til þess að fjárfestar treystu bandarísku hagkerfi og þar af leiðandi aðgerðum Trumps.

Ummæli Rússans vöktu athygli þar sem rannsókn á meintum afskiptum ríkisstjórnar Pútíns af forsetaframboði Trumps og mögulegum tengslum þess við Rússa, hefur reynst Trump erfið. **– þea**

## Minnisbók Downeys fannst

**LÖGREGLUMÁL** Hluti gagna sem lagt var hald á í kynferðisbrotamáli Roberts Downey og lögreglan á Suðurnesjum eyddi fundust í málsgögnum ríkissaksóknara. Þetta kom fram á Stöð 2 í gærkvöld.

Anna Katrín Snorradóttir kærði Roberti í sumar fyrir meint kynferðisbrot. Hún telur sannanir liggja í þeim gögnum sem lögregla haldlagði á sínum tíma.

Um er að ræða minnisbók með nöfnum og símanúmerum 335 kvenna og stúlkna. Hins vegar hefur enn ekki verið upplýst hvort myndir og afrit af samtölum á samskiptaforritum hafi verið eytt. Anna Katrín óttast að finnist gögnin ekki komi það til með að hafa áhrif á kæruna og leiði til niðurfellingar málsins. **- gar**

# Skærgulur litur á nýjum göllum vekur deilur í björgunarsveitum

Efsti hluti endurhannaðs einkennisgalla björgunarsveitanna er skærgulur. Fulltrúi Landsbjargar fagnar gagnrýninni umræðu en segir öryggissjónarmið ráða litavalinu. Leitað var að smekklegum lausnum segir björgunarsveitatmaður. Vegna óánægjunnar muni nefnd þó endurskoða fatamál félagsins frá grunni.

**SAMFÉLAG** „Við megum ekki gleyma því að við erum fólkið sem fer út þegar aðrir fara inn. Það að við séum sýnileg skiptir meira máli en flest annað,“ segir Jón Ingi Sigvaldason hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Félagið hefur tekið í notkun endurbættan björgunarsveitargalla. Á meðal nýjunga er áberandi litabreyting. Efsti hluti gallans er nú gulur en rauði og blái liturinn heldur sér að öðru leyti.

Óhætt er að segja að skiptar skoðanir séu um hið nýja útlit en óánægjan varð meðal annars til þess að sérstök nefnd, svokölluð fatanefnd, var sett á fót sem fara á yfir allan einkennisfatnað og merkingamál björgunarsveitanna.

„Þetta er afskaplega lýðræðislegt félag og við erum með nefndir um allt mögulegt. Stjórnin ákvað að taka tillit til þeirrar óánægju sem var í gangi,“ segir Jón Ingi við Fréttablaðið um stofnun nefndarinnar.

Hönnun gallans hefur að sögn Jóns Inga verið endurbætt til að mæta kröfu félagsmanna um aukinn sýnileika. Ferlið hafi tekið um þrjú ár. „Við höfum verið að leita að smekklegum lausnum og það er komin lending. En þegar gerðar eru breytingar eru aldrei allir sáttir,“ segir hann.



Nýi gallinn er meðal annars hannaður til að vera sem sýnilegastur í öllum aðstæðum. MYND/LANDSBJÖRG SIGURÐUR ÓLAFUR

Að sögn Jóns Inga geta sveitarmenn áfram notað gallann sem þeir eiga. Hann minnir á að einkennisfatnað björgunarsveitanna þurfi félagsmenn sjálfir að kaupa, eins og allan annað búnað til björgunar. Í því samhengi má nefna að buxur og stakkur kosta saman um 66 þúsund krónur, þótt sveitirnar endurgreiði kostnaðinn að einhverjum hluta.

Jón Ingi segir að nýi gallinn, þar sem vösum hefur verið breytt og rennilásar settir undir hendur í því skyni að auka öndun, hafi einnig verið pantaður án gula litarins. Björgunarsveitarfólki standi þannig til boða að kaupa endurbættan galla með eða án litabreytingarinnar.

Nokkuð rammt hefur kveðið að mótmælum félagsmanna á samfélagsmiðlum. Ónefndur björgunarsveitarmaður komst svo að orði á Facebook-síðu Landsbjargar að engu væri líkara en að „bæjarstarfsmaður hafi ælt yfir björgunarsveitargallann“ og vísar þar til gula litarins. Jón Ingi hefur ekki farið varhluta af þessari gagnrýni en segir að um lítinn, háværan hóp sé að ræða. Reyndin sé sú að langflestir sem pantað hafi galla undanfarið hafi valið þann með gula litnum. Hann sé nánast uppseldur, þó að mikið magn hafi verið pantað.

Hann fagnar því hins vegar að fólk láti í sér heyra, það sé heilbrigðismerki á lýðræðislegri umræðu innan Landsbjargar. Eðlilegt sé að skoðanir séu skiptar þegar ráðist sé í breytingar. Hann ítrekar að öryggissjónarmið hafi ráðið för þegar liturinn var valinn. „Fólk er með mismunandi þarfir í starfinu og sem betur fer er gagnrýnin umræða í okkar starfi um flesta hluti.“ **baldurg@frettabladid.is**


**BROTAMYND EFTIR ÁRMANN JAKOBSSON – BRÁÐFYNDIN OG ÁLEITIN Í SENN**




„Mögnuð úttekt á einhverju margbrotnasta fyrirbæri hversdagslífsins, fjölskyldum.“
JÓN KARL HELGASON / FB

„Bók sem stækkar heiminn ... trúverðugur skáldsöguheimur beint úr samtímanum.“
HERMANN STEFÁNSSON RITHÖFUNDUR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–19

– JÓLABÆKUR Í MIKLU ÚRVALI –

# Meira að lesa




**VILTU VITA MEIRA UM TÖLVUR?**

verð nú **2.499** kr
verð áður 3.599 kr




**FLÓTTINN HANS AFA**

verð nú **2.999** kr
verð áður 4.499 kr




**AMMA ÓÞEKKA & AFI STERKI**

verð nú **1.999** kr/stk
verð áður 2.899 kr/stk




**HANDBÓK FYRIR OFURHETJUR**

verð nú **1.999** kr
verð áður 3.299 kr




**PÉTUR OG HALLA VIÐ HLIÐINA**

verð nú **1.999** kr
verð áður 2.899 kr




**KORTLAGNING ÍSLANDS**

verð nú **6.599** kr
verð áður 9.499 kr




**SKUGGARNIR**

verð nú **4.699** kr
verð áður 6.999 kr




**SYNDAFALLIÐ**

verð nú **4.699** kr
verð áður 6.999 kr




**LITLA VÍNBÓKIN**

verð nú **1.999** kr
verð áður 3.299 kr

Gildir 15. - 17. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Allir titlar fást í Skeifu, Smáralind, Kringlunni og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*




Hotel Club Jandía Princess

Frá kr. 220.305
m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 220.305 m.v. 2 í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 256.585 m.v. 1 í herbergi.
21. desember í 11 nætur.




Costa Caleta

Frá kr. 135.730
m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 135.730 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 154.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
21. desember í 11 nætur.



SBH Fuerteventura Playa +

Frá kr. 114.425
m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 114.425 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 152.665 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
21. desember í 11 nætur.



Stökktu

Frá kr. 139.995
m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 139.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í gistingu.
Netverð á mann frá kr. 252.605 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
21. desember í 11 nætur.



ENNEMM / SIA • NM85587 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu




Katrín Jakobsdóttir flutti í gærkvöld fyrstu stefnuræðu sína sem forsætisráðherra landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Aldalöng þögn er rofin

**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir markmið ríkisstjórnar að hagsæld í landinu skili sér í ríkari mæli til samfélagsins alls. Endurskoða þurfi samfélagskerfið. Með byltingu kvenna á samfélagsmiðlum hafi aldalöng þögn verið rofin.**

**STJÓRNMÁL** „Sagt hefur verið að það sé auðvelt að dæma stjórnmálamenn út frá hugsjónum þeirra en mikilvægari dómur sé sá sem falli um þær málamiðlanir sem þeir gera,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, í fyrstu stefnuræðu sinni sem forsætisráðherra.

Katrín sagði óvenjulega pólitíska tíma hafa verið hér undanfarin ár.

„Stundum þarf að fórna minni hagsmunum fyrir meiri en niðurstaðan þarf hins vegar að vera samfélaginu sem heild til heilla. Markmið þessarar ríkisstjórnar er fyrst og fremst að koma til móts við ákall almennings um að sú hagsæld sem hér hefur verið á undanförnum árum skili sér í ríkari mæli til samfélagsins,“ sagði forsætisráðherra og vísaði þar fyrst og fremst til uppbyggingar heilbrigðis- og menntakerfis auk hinna efnislegu innviða.

„Sáttmáli ríkisstjórnarinnar fjallar um leiðir til að ná fram félagslegum, efnahagslegum og pólitískum stöðugleika sem tryggir góð lífskjör til framtíðar fyrir venjulegt fólk,“ sagði Katrín. Sáttmálinn bæri ágætri stöðu efnahagsmála vitni.

Forsætisráðherra sagði það hljóta að vera verkefni flokka á Alþingi að byggja upp traust á stjórnmálum og þinginu. „Nú er senn áratugur liðinn frá hruni, og efnahagur landsins hefur vænkast en traust almennings á stjórnmálum og stofnunum samfélagsins er enn umtalsvert minna en fyrir áratug.“

Katrín sagði að litið yrði til alþjóðlegra viðmiða við endurskoðun siðareglna og reglna um hagsmunaskráningu.

„Þá er mikilvægt að við reynum að skapa samstöðu um ferli til að leiða til lykta heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem hefur verið eitt stærsta pólitíska þrætuepli undanfarinna ára,“ bætti ráðherrann við. „Gleymum því ekki að latneska orðið minister þýðir þjónn en ekki herra eins og innlend hefð er fyrir að láta okkur sem skipum ríkisstjórn heita.“

> Fátækt á einfaldlega ekki að vera til staðar í jafn ríku samfélagi og við eigum hér saman.
>
> Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Þá sagði Katrín ætlunina að gera betur í loftslagsmálum en Parísarsamkomulagið geri ráð fyrir. Það er frumskylda okkar að leggja mikinn metnað í stærsta viðfangsefni mannkyns,“ sagði hún. „Loftslagsmálin krefjast samstarfs stjórnvalda, atvinnulífs og almennings. Grundvallaratriði er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum geirum samfélagsins.“

Katrín vék að metoo-hreyfingunni. „Bylting kvenna á samfélagsmiðlum undanfarin misseri rýfur aldalanga þögn. Þar erum við hvergi nærri komin á endastöð. Langtímaverkefnið snýst um að breyta viðteknum skoðunum sem viðhaldið hafa lakari stöðu kvenna um aldir. Eitt kjörtímabil mun einungis vera eitt örstutt spor í þeirri vegferð. Bráðaverkefnið verður aðgerðaáætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota þar sem styrktir verða innviðir réttarvörslukerfisins.“

Síðast en ekki síst snýst jafnrétti að sögn forsætisráðherra um jöfn tækifæri ólíkra stétta. „Þar verður ekki hjá því komist að endurskoða samfélagskerfið,“ sagði hún. Ríkisstjórnin hygðist taka málefni tekjulægstu hópanna föstum tökum.

„Fátækt á einfaldlega ekki að vera til staðar í jafn ríku samfélagi og við eigum hér saman.“

Katrín sagði að lögð yrði áhersla á að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga, bæta geðheilbrigðisþjónustu og forvarnir og byggja upp hjúkrunarrými.

Þá boðaði ráðherrann aukin fjárframlög til háskóla til að ná meðaltali OECD-ríkjanna árið 2020. Iðnnám, verk- og starfsnám yrði eflt og rekstur framhaldsskólanna styrktur.

„Þó að fólkið í landinu hafi á undanförnum misserum notið aukins kaupmáttar, sterkara gengis og lágrar verðbólgu þá finna útflutningsfyrirtæki fyrir lakari samkeppnisstöðu vegna launakostnaðar og gengisþróunar. Mikilvægt er til lengri tíma að treysta undirstöður í ríkisfjármálum, meðal annars með stofnun Þjóðarsjóðs um arðinn af orkuauðlindum,“ boðaði forsætisráðherrann sem kvaðst hafa hitt forystumenn samtaka á vinnumarkaði eftir að hún tók við embætti.

„Komandi kjarasamningar munu ráða miklu um efnahagslega þróun komandi missera og ára en þar leggja stjórnvöld áherslu á að til að tryggja megi efnahagslegan stöðugleika sé um leið mikilvægt að treysta hinar félagslegu stoðir og vinna með sem flestum að ábyrgum vinnumarkaði.“

Katrín kvaðst leggja áherslu á að unnið verði hratt að því í samstarfi við heildarsamtök örorkulífeyrisþega að endurskoða þann hluta almannatryggingakerfisins sem lúti að þeim til að tryggja mannsæmandi kjör og hvetja til samfélagsþátttöku öryrkja.

Í alþjóðamálum eru blikur á lofti að mati Katrínar. „Ríkisstjórnin ætlar að gera betur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og móttöku flóttamanna sem hvort tveggja skiptir máli í hinu stóra samhengi,“ sagði forsætisráðherra.

gar@frettabladid.is




The Power to Surprise

## Veglegur afsláttur og kaupauki fylgja nýjum Kia bílum

Við erum komin í hátíðarskap og höldum jólapakkadaga til **20. desember**. Allir sem kaupa nýjan Kia bíl fá **veglegan afslátt, vetrardekk og 100.000 kr. gjafabréf í Smáralind** sem kemur sér vel fyrir jólin. Með því að snúa lukkuhjólinu okkar áttu möguleika á enn stærri pakka!

**Komdu í Öskju og náðu í þinn jólapakka með 7 ára ábyrgð.**

Optima SW EX með **7 þrepa DCT sjálfskiptingu**

Jólapakkaverð:

**4.450.777 kr.**

Verð áður 4.750.777 kr.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ

# Útgjöld ríkisins aukast um tvö prósent

**Fjárlagafrumvarp nýrrar ríkisstjórnar gerir ráð fyrir 2 prósenta útgjaldaaukningu umfram það sem fyrri ríkisstjórn ráðgerði. „Þetta fjárlagafrumvarp er bara ein stór svik við kjósendur,“ segir þingmaður Samfylkingarinnar. Ráðherra segir verulega bætt í heilbrigðismálin.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2018 eru áætluð um 805 milljarðar króna í nýju fjárlagafrumvarpi sem Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, kynnti á blaðamannafundi í gær. Það eru fimmtán milljarðar umfram það sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hafði ráðgert. Áætlað er að afgangur af fjárlögunum verði 35 milljarðar en áður hafði verið gert ráð fyrir 44 milljarða afgangi.

Stærsti hluti útgjalda ríkissjóðs fer til félags-, húsnæðis- og tryggingamála annars vegar og heilbrigðismála hins vegar. Útgjöld til heilbrigðismála eru áætluð 209 milljarðar króna og útgjöld til félags, húsnæðis- og tryggingarmála eru áætluð 211 milljarðar. Samtals nema þessi útgjöld meira en helmingi af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

„Það er verulegar viðbætur í heilbrigðismál,“ sagði Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, á fundi með blaðamönnum í gær. Hann sagði að fé væri lagt í umtalsverðar umbætur í heilsugæslu sem hann segir að verið sé að styrkja verulega þessi árin. „Það er töluvert mikið inn í rekstur Landspítalans og annarra sjúkrastofnana víðsvegar um landið sem nemur 8,5 milljörðum þegar saman er tekið,“ sagði Bjarni Benediktsson. Samkvæmt nýja frumvarpinu eru útgjöld til mennta- og menningarmála áætluð 99 milljarðar eða um 12% af heildarútgjöldum ríkisins. Þingmenn stjórnarandstöðu gagnrýna frumvarpið. „Þetta er ekki skynsamlegasta blandan að auka útgjöld og lækka skatta á sama tíma. Ég myndi að minnsta kosti ekki panta mér þennan kokteil á bar. Hann gæti orðið bitur og súr,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.




**Bjarni Benediktsson greindi frá því í gær að ríkisstjórnin myndi leggja fram nýja fjármálaáætlun. Í henni er gert ráð fyrir að afkoman fyrir ríkissjóð verði ekki lægri en 1,2 prósent af landsframleiðslu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er alveg ljóst að Vinstri græn hafa selt sig afskaplega ódýrt til að fá þrjá ráðherrastóla.**
>
> Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar



Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir nýja frumvarpið vera svik við kjósendur. „Það er alveg ljóst að Vinstri græn hafa selt sig afskaplega ódýrt til að fá þrjá ráðherrastóla. Það er engin innspýting í innviði eins og Vinstri grænir lofuðu,“ segir hann.

„Þetta er 98 prósent eins og fjárlagafrumvarp síðustu ríkisstjórnar sem Vinstri græn gagnrýndu harðlega,“ segir Ágúst og bætir við að tekjuöflunin sé veik. „Það eru engar tekjur af erlendum ferðamönnum, sjávarútvegurinn er áfram stikkfrí, það er ekki talað um auðlegðarskatt eins og Vinstri græn lögðu áherslu á. Auknar arðgreiðslur úr bönkunum sjást hvergi. Þannig að það er ekki bara að velferðarmálin og menntamálin fá lítið heldur eru tekjuleiðirnar ekki nýttar eins og ætti að gera á hátindi uppsveiflunnar. Þannig að þetta fjárlagafrumvarp er bara ein stór svik við kjósendur og fær algjöra falleinkunn.“

## Úr fjárlögum

**4** milljarða tekjuaukning er áætlað að verði af veiðigjöldum og tekjurnar verði um 10 milljarðar króna.



**15** milljarða aukning verður á útgjöldum frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi Benedikts Jóhannessonar.

**35** milljarðar króna verður afgangur á heildarafkomu ríkissjóðs árið 2018.



**600** milljónum króna verður varið til framkvæmda við Reykjanesbraut.

**2** milljarða hækkun verður á framlögum vegna framkvæmda við Dýrafjarðargöng. Heildarkostnaður verður 12 milljarðar.

**50** milljarða króna lækkun verður á skuldum ríkissjóðs.

**840** milljarðar er áætlað að tekjur ríkissjóðs verði á næsta ári.

**602** þúsund krónur verða útgjöld til heilbrigðismála á mann að meðaltali á árinu 2018.



**1,6** milljörðum króna mun hækkun fjármagnstekjuskatts skila á næsta ári.

**5,5** milljarða króna aukning verður á framlögum til mennta-, menningar- og íþróttamála.





**1,7** milljarða króna hækkun verður á framlögum til ýmissa verkefna sem tengjast umhverfismálum.


**Nýir SKODA og Volkswagen fyrir bílaleigur.**






Eigum nokkra SKODA og Volkswagen bíla með niðurfellingu til afhendingar til bílaleiga fyrir áramót. Árgerð 2018 af Skoda Octavia, SKODA Superb, SKODA Fabia, Volkswagen Golf og Volkswagen Passat.

Volkswagen ŠKODA

**Allar nánari upplýsingar hjá vörustjórum HEKLU**
Valgeir Erlendsson í síma 590 5611 eða ve@hekla.is
Haraldur Ársælsson í síma 825 5530 eða hara@hekla.is

HEKLA
Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is

# BOSCH

*Harðir pakkar með notagildi!*

Ein fyrir barnið



25% AFSLÁTTUR

**SKRÚFVÉL**
IXO V & IXOLino
3,6V, fullorðins og barna.
**6.745kr.**
748640055
Almennt verð: 8.995kr.




## BOSCH RAFMAGNS-VERKFÆRI
**14.-17. desember**

20% AFSLÁTTUR

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Verð gilda til og með 17. desember 2017 eða á meðan birgðir endast.

## BOSCH smáraftæki

Gerðu frábær kaup!

25% AFSLÁTTUR





## Jólaföndur
**fyrir krakkana alla helgina.**
Á meðan stóra fólkið verslar búa börnin til skemmtilegar jólagjafir handa þeim í boði BYKO. *Á meðan pláss leyfir.*

## LEIKFÖNG OG SPIL
-25%



## POTTAR OG PÖNNUR
-25%



## MATAR-, KAFFI OG HNÍFAPARASETT
-25%





**Tilboð!**

Sjáðu myndband á byko.is

**LASERLJÓS**
8 mismunandi myndir með tímastilli
**5.595kr.**
51880638
Almennt verð: 7.495kr.



Snickers WORKWEAR
-20%

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO
SKREYTUM SAMAN

# FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ

## Hagfræðingur ASÍ fagnar auknu fjármagni til sjúkrahúsanna

„Það er jákvætt að verið er að greiða áfram niður skuldir,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður Efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, um nýtt fjárlagafrumvarp. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að greiða niður skuldir um 50 milljarða. Hins vegar hefði hún viljað sjá meiri afgang.

„Við erum stödd á toppi núverandi uppsveiflu þannig að tekjuvöxturinn er mjög sterkur. Á sama tíma eru vísbendingar þess efnis að það sé að hægja á hagvextinum. Þannig að við hefðum viljað sjá stjórnvöld búa betur í haginn og skila afgangi í stað þess að lofa auknum útgjöldum áfram Sú staða gæti hæglega komið upp að tekjuvöxturinn verði minni en áætlað er enda eru hagvaxtarforsendur að breytast nokkuð mikið en eftir standa þá tug milljarða útgjaldaloforð,“ segir hún.

Ásdís segir að umsvif hins opinbera séu mjög mikil í alþjóðlegum samanburði. Það séu talsverð tækifæri til forgangsröðunar innan þess útgjaldaramma sem fyrir er. Þá þurfi að skapa svigrúm á útgjaldahliðinni til að lækka skatta. Jafnframt þurf að nýta áfram einskiptistekjur til þess að greiða niður skuldir.

**Atvinnuleysisbætur verða áfram í sögulegu lágmarki sem hlutfall af lægstu launum.**

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ





Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

„Það er jákvætt að verið sé að bæta við peningum inn í reksturinn í heilbrigðisþjónustunni, bæði í Landspítalann og heilsugæsluna. Þetta er langt frá þeirri viðbótar fjárþörf sem Landspítalinn hefur lýst að hann hafi en þetta er samt jákvætt,“ segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá SA. Hún segir dregið úr stuðningi við barnafjölskyldur og ekki hugað nóg að vinnumarkaðstengdum réttindum. „Atvinnuleysisbætur verða áfram í sögulegu lágmarki sem hlutfall af lægstu launum og lækka raunar í hlutfalli við það,“ segir hún. Stefnan varðandi þessa þætti velferðarmálanna virðist óbreytt. **– jhh**

# Hvað þýðir fjárlagafrumvarpið fyrir þig?



## Jákvætt fyrir heimilisbókhaldið

**500 milljóna** framlag til að draga úr kostnaði aldraðra og öryrkja við tannlæknaþjónustu

**1,9 milljarða** útgjaldaaukning verður til heilsugæslunnar. Meðal annars til að auka geðheilbrigðisþjónustu og fjölga sálfræðingum

**Mánaðarlegar hámarksgreiðslur** til foreldra í fæðingarorlofi hækka í **520 þúsund krónur**

**3 milljarðar** verða settir í stofnframlög vegna 600 nýrra leiguíbúða.

**Skattalegar ívilnanir** til kaupa á vistvænum bílum verða framlengdar um þrjú ár

**Frítekjumark** vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega verður hækkað úr ~~25.000~~ í **100.000 krónur**

## Neikvætt fyrir heimilisbókhaldið

**Útvarpsgjald**, sem nemur 16.800 krónum, hækkar um **2%**

**Gjald í framkvæmdasjóð** aldraðra, sem nemur 10.956 krónum, **hækkar um 2%**

Kolefnisgjald verður **hækkað um 50%**

**Fjármagnstekjuskattur** hækkar úr 20% í **22%**




GRAM
Biostorage you can depend on

SÉRHÆFÐUR FRYSTISKÁPUR TIL IÐNAÐARNOTA

TILBOÐ 965.000 KR. án vsk.

BioUltra UL570 er sérhæfður frystiskápur, þróaður af Gram í Danmörku til nota á rannsóknarstofum í lífefnafræðilegum- og/eða iðnaðartilgangi í samræmi við ströngustu öryggiskröfur.

Frystigeta: -60 til -85°C, tvískipt frystirými.

**Kynningarverð til áramóta aðeins 965.000 án vsk.**

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

PIPAR\TBWA · SÍA

DREGIÐ
23. DES.




# MILLJÓLA LEIKURINN

**10 RAÐIR EÐA ÁSKRIFT GEFA ÞÉR MÖGULEIKA Á AUKAMILLJÓNUM**

Lottó vikinglotto EURO JACKPOT

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ UMFÍ

23 heppnir spilarar í Lottó, Vikinglotto eða Eurojackpot vinna eina milljón hver á Þorláksmessu. Þú ferð í pottinn í hvert skipti sem þú kaupir 10 raðir eða meira til kl. 18.40 laugardaginn 23. desember. Allir áskrifendur eru sjálfkrafa með í pottinum. Nánar á lotto.is

# Rannsaka höfuðkúpubrot sem dró barn í Mývatnssveit til dauða

**RANNSÓKNIR** „Það sem veldur því að barnið deyr er höfuðkúpubrot þar sem höfuðkúpan brotnar þvert yfir allan hnakkann. Nú munu næstu dagar fara í það að rannsaka réttarmeinafræðina og reyna að geta sér til um það hvort barnið hafi látist af slysförum eða hvort því hafi verið veittur þessi áverki,“ segir dr. Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur, sem rannsakar nú höfuðkúpubrot tveggja ára gamals barns sem fannst í uppgreftri á Hofstöðum í Mývatnssveit.

Úrvinnsla úr fornleifauppgreftri á Hofstöðum er í fullum gangi. Fornleifarannsóknir á svæðinu hafa varpað ljósi á áður óþekkt bæjarstæði og eru nokkuð merkilegar fyrir þær sakir.„Kirkjugarðurinn að Hofstöðum er í notkun eftir 940 en menn hafa ekki verið grafnir þar eftir 1300. Það má sjá af gjóskulögum á svæðinu,“ segir Hildur. „Það var eiginlega fyrir tilviljun að þetta bæjarstæði fannst í upphafi.“



Barnið hafði verið grafið við Hofstaði í Mývatnssveit fyrir margt löngu. FRÉTTABLAÐIÐ/ORRI VÉSTEINSSON



**Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur.**

Fréttablaðið hefur áður sagt frá því að fornleifarannsóknum sé sniðinn þröngur stakkur hvað varðar fjármagn. Þessi rannsókn Hildar og félaga er styrkt af fornminjasjóði en til þess fengust aðeins nokkrar milljónir króna. Því var leitað út fyrir landsteinana til að fjármagna rannsóknina. „Ástæða þess að við gátum farið í umfangsmeiri rannsóknir á svæðinu var fyrir tilstuðlan prófessors í New York sem við erum í samstarfi við. Þar fengum við auknn styrk til rannsókna. Að okkar mati þarf hið opinbera að styðja betur fjárhagslega við fornleifarannsóknir hér á landi.“

Rannsókn á áverkum barnsins unga mun taka margar vikur en vonandi verður hægt að álykta um dánarorsökina. Nýja bæjarstæðið og fundur þess sumarið 2016 varpar mun gleggra ljósi á hvers kyns stórbýli Hofstaðir voru á víkingaöld. Rannsóknir hafa staðið yfir í um aldarfjórðung á svæðinu og munu halda áfram um nokkurn tíma í viðbót. **sveinn@frettabladid.is**










Afnáminu var mótmælt við höfuðstöðvar FCC. NORDICPHOTOS/AFP

# Nethlutleysi afnumið gegn vilja fólksins

**Fjarskiptastofnun Bandaríkjanna ákvað að afnema reglur um nethlutleysi. Afnámið sagt gera netþjónustufyrirtækjum kleift að okra á neytendum og vefsíðum, hægja á tengingum og hindra aðgang að efni.**

**BANDARÍKIN** Stjórn Fjarskiptastofnunnar Bandaríkjanna (FCC) ákvað í gær að afnema reglur um nethlutleysi. Reglurnar voru settar árið 2015 í forsetatíð Baracks Obama og fela í sér að netþjónustuaðilar verði að meðhöndla umferð um netið með sama hætti óháð uppruna og áfangastað.

Hafa andstæðingar afnámsins haldið því fram að jafn og hlutlaus aðgangur að netinu teljist til mannréttinda. Með afnámi opnist sá möguleiki að netþjónustufyrirtæki geti hægt á tengingum við ákveðið efni og selt hraðari aðgang á okurverði. Jafnframt geri afnámið téðum fyrirtækjum kleift að rukka vefsíður fyrir að hægja ekki á tengingu neytenda við þær.

Stóru netþjónustufyrirtækin í Bandaríkjunum hafa þrýst á afnámið undanfarið. Sama er hins vegar ekki að segja um almenning en samkvæmt nýrri könnun Maryland-háskóla eru 83 prósent andvíg afnáminu. Sé litið til Repúblikana, en fulltrúar þeirra mynduðu þann meirihluta sem þurfti til að afnema reglurnar, eru 75 prósent andvíg afnáminu.

Stjórnarmennirnir og Demókratarnir Jessica Rosenworcel og Mignon Clyborn greiddu atkvæði gegn afnáminu. Sagði Clyburn að með því væri verið að draga tennurnar úr fjarskiptastofnun. „Með þessu erum við að afhenda milljarðamæringum lyklana að internetinu, einni merkilegustu og mest valdeflandi uppfinningu okkar tíma.“

> **Helsta umkvörtunarefni neytenda þegar kemur að internetinu hefur aldrei verið að netþjónustufyrirtæki hindri eða hamli aðgangi að efni.**
>
> Ajit Pai, stjórnarformaður Fjarskiptastofnunnar Bandaríkjanna

„Nethlutleysi er netfrelsi. Ég styð það frelsi. Ég er á móti þessari fljótfærnislegu ákvörðun,“ sagði Rosenworcel. Enn fremur sagði hún allt ferlið sem leiddi að fundi gærdagsins gjörspillt.

Ajit Pai stjórnarformaður var á öðru máli og greiddi atkvæði með afnámstillögunni. „Helsta umkvörtunarefni neytenda þegar kemur að internetinu hefur aldrei verið að netþjónustufyrirtæki hindri eða hamli aðgangi að efni. Þeir hafa kvartað yfir því að þeir hafi alls engan aðgang að internetinu eða að samkeppni sé ekki nægilega mikil.“ **thorgnyr@frettabladid.is**




**100.000 KR. GJAFAKORT**
**FYLGIR ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!**

**Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL fyrir 15. desember fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka.** Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, upp í skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




FISHERMAN

## Fisherman fiskréttir

Einföld og handhæg samsetning sem gerir þig að listakokki.
Hollur matur fyrir kröfuharða, tilbúinn á innan við 10 mínútum.




### Fisherman sósur

Fullkomna hvaða fiskmáltíð sem er.

**verð frá 469 kr/stk**




### Fisherman síld

Frábær viðbót á veisluborðið.

**489 kr/stk**




### Rustica pizzur

Skinka & sveppir og Pepperóni.

**674 kr/stk**

**Verð áður 899**




### Cedar´s hummus

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana.

**99 kr/stk**

VEGAN




### Daiya Cheezecake

Mjólkurlaus, glúteinlaus og Sojalaus.

**550 kr/stk**

**Verð áður 1.099**

Tilboð gilda út 17. desember

# Meira fljótlegt



Holta

Poussin kjúklingur
tilbúinn beint í ofninn

659 krkg

Verð áður 1.099




Heimshorn eldaðar kjúklingabringur

747 kr/pk

Verð áður 1.149




Kjúklingabringur 100% hreinar

1.869 kr/kg

Verð áður 2.199




Kryddlegnar lambatvírifjur

2.624 kr/kg

Verð áður 3.499

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

# Skiptir máli



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Skuldabréfaútgáfur ríkisins sæta almennt ekki tíðindum. Þau tímamót urðu hins vegar í vikunni að ríkissjóður gaf út 500 milljóna evra skuldabréf á hagstæðustu kjörum sem hann hefur nokkurn tíma fengið á erlendum fjármagnsmörkuðum. Andvirði skuldabréfsins, sem er til fimm ára og ber 0,5 prósenta fasta vexti á ávöxtunarkröfunni 0,56 prósent, er einkum nýtt til að gera upp eldri og óhagstæðari skuldabréfaútgáfu og þannig spara ríkinu árlega milljarða í vaxtakostnað. Eftirspurnin var áttfalt meiri en framboðið sem er til marks um það traust og tiltrú sem erlendir fjárfestar hafa á íslenska hagkerfinu.

Ljóst er að enn ein hækkunin á lánshæfismati Íslands – matsfyrirtækið Fitch hækkaði einkunn ríkisins í liðinni viku úr A- í A – hefur átt sinn þátt í því að kjörin voru eins góð og raun bar vitni. Í rökstuðningi Fitch er vísað til mikils og viðvarandi viðskiptaafgangs, batnandi ytri stöðu þjóðarbúsins, efnahagsstöðugleika, lækkunar á skuldum ríkisins og kröftugs hagvaxtar. Haftaáætlun stjórnvalda sem var kynnt sumarið 2015, sem þótti trúverðug og hefur reynst með eindæmum vel heppnuð, hefur skipt sköpum í þeirri efnahagsþróun. Frá þeim tíma hefur lánshæfiseinkunn Íslands hækkað meira og hraðar en fordæmi eru fyrir hjá nokkru öðru ríki í sögunni.

Orðspor alþjóðlegu matsfyrirtækjanna skaðaðist verulega við alþjóðlegu fjármálakreppuna. Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á fyrirtækjunum í dag er það engu að síður staðreynd að mat þeirra á lánshæfi þjóðríkja hefur áhrif á fjárfestingarákvarðanir stórs hóps alþjóðlegra fagfjárfesta. Hækkun á lánshæfiseinkunn Íslands skilar sér beint í bættum vaxtakjörum ríkissjóðs á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Þetta skiptir því máli. Ávinningurinn af hærri lánshæfiseinkunn einskorðast hins vegar ekki við ríkissjóð. Vaxtakjör íslensku bankanna haldast hverju sinni í hendur við lánshæfi ríkisins. Þessi þróun hefur því einnig jákvæð áhrif á aðgengi og lánakjör þeirra á erlendum mörkuðum sem aftur skilar sér í lægri fjármögnunarkostnaði fyrir íslensk fyrirtæki og heimili.

Þótt lánshæfiseinkunn ríkisins hafi nú þegar hækkað skarpt á skömmum tíma þá eru líkur á því að hún eigi að óbreyttu að geta hækkað um tvo flokka til viðbótar. Þannig eru ýmsar þjóðir í Evrópu, sem eru með umtalsvert verri skuldastöðu en íslenska ríkið, með hærri lánshæfiseinkunn en Ísland. Sú staða ætti brátt að taka breytingum. Þar skiptir ekki hvað síst máli að á aðeins þremur árum hafa skuldir ríkissjóðs lækkað um 400 milljarða – sem hlutfall af landsframleiðslu verða þær um 32 prósent í lok næsta árs – og útlit er fyrir að þær lækki enn frekar næstu árin. Þá er hrein erlend staða þjóðarbúsins jákvæð um 4,4 prósent af landsframleiðslu sem þýðir að Ísland er þar í hópi með stöndugustu ríkjum Evrópu á borð við Sviss, Noreg, Austurríki og Svíþjóð.

Sú ákvörðun Fitch að hækka lánshæfiseinkunn Íslands örfáum dögum áður en ný ríkisstjórn kynnti fjárlagafrumvarpið er ákveðin traustsyfirlýsing. Gengið var út frá því að haldið yrði áfram á sömu braut í ríkisfjármálum. Það mat reyndist að mestu rétt. Afgangurinn verður þó lítillega minni en lagt var upp með í fyrra fjárlagafrumvarpi. Það eru vonbrigði enda virðist nú útséð um að vextir Seðlabankans lækki frekar í bili.

> **Hækkun á lánshæfiseinkunn Íslands skilar sér beint í bættum vaxtakjörum ríkissjóðs á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.**


## Útlendingastofnun flytur á Dalveg 18 í Kópavogi



Vegna flutninganna verður Útlendingastofnun lokuð í dag föstudaginn 15. desember.

Stofnunin opnar á Dalvegi 18 í Kópavogi mánudaginn 18. desember klukkan 9.

UTL
ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION


## Halldór




## Frá degi til dags

**Áhugavert fordæmi**

**Frá því var greint í gær að tveir hefðu verið dæmdir til sektargreiðslu vegna hatursorðræðu. Málið sneri að ummælum sem féllu þegar bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti gerð samstarfssamnings við Samtökin 78 um hatursorðræðu og segir í dómi Hæstaréttar að ummælin hafi verið alvarleg, gróflega meiðandi og fordómafull. Áhugavert verður að sjá á næstu árum hvort þessu fordæmi verði fylgt og fleiri hljóti dóm fyrir hatursorðræðu á Íslandi. Af nógu virðist að taka enda getur umræðan í kommentakerfum netmiðla oft orðið ansi ósvífin.**

**2% skipta sköpum**

**Með nýju fjárlagafrumvarpi er áætlað að heildarútgjöld ríkissjóðs verði um 805 milljarðar á næsta ári. Til samanburðar var gert ráð fyrir 790 milljarða heildarútgjöldum í frumvarpinu sem Benedikt Jóhannesson kynnti fyrr í haust. Ef til vill hefur Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, eitthvað til síns máls þegar hann segir í Fréttablaðinu í dag að VG hafi selt sig ódýrt.**

**Í september sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður VG og nú forsætisráðherra, þetta um fjárlagafrumvarp Benedikts: „Mér sýnist að verið sé að lögfesta þá stefnu sem ég hef kallað sveltistefnu sem þar var lögð því það er ekki verið að sækja fram í neinum málaflokkum.“** thorgnyr@frettabladid.is

# Mikilvægasta starf í heimi?



Skúli Helgason
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

Kennarar gegna einhverju þýðingarmesta hlutverki í þjóðfélaginu því þeir geta haft afdrifarík áhrif á framtíð þúsunda barna og ungmenna. Þessi mikla ábyrgð hefur þó ekki verið metin að verðleikum í okkar samfélagi. Ein alvarlegasta afleiðing þessa er að aðsókn í kennaranám hefur hrunið og er nú svo komið að einungis útskrifast innan við 50 kennarar á hverju ári frá Háskóla Íslands samanborið við rúmlega 200 á árunum 2009-2010. Ef ekkert verður að gert verður alvarlegur skortur á kennurum á Íslandi innan fárra ára. Þetta var ein kveikjan að stofnun starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar þar sem fulltrúar kennara, skólastjóra, foreldra, o.fl. unnu saman að tillögum til að auka nýliðun og bæta starfsumhverfi kennara. Starfshópurinn hefur nú kynnt 31 tillögu að aðgerðum, sem tengjast bættu starfsumhverfi, breytingum á inntaki og skipulagi kennaranáms, aukinni nýliðun kennara og starfsþróun.

**Bætt starfsumhverfi**

Kennarar hafa kallað eftir betra aðgengi að sérfræðingum til að mæta auknu álagi í vinnu með nemendum. Starfshópurinn leggur til að fjölgað verði fagfólki sem starfi við hlið kennara og hefur þegar verið samþykkt að ráða hegðunarráðgjafa með sérhæfingu í atferlismótun og talmeinafræðinga í alla borgarhluta. Þá verða mótuð ný úrræði til að styðja við börn í fjölþættum vanda. Kennsluráðgjöf í upplýsingatækni verður efld og aukin ráðgjöf og stuðningur við nýja kennara í starfi. Meira fjármagn verður sett í endurbætur á húsnæði, bættan tölvukost kennara og nemenda. Þá þarf að auka svigrúm skólastjórnenda til að sinna hlutverki sem faglegir leiðtogar skólastarfsins.

Reykjavíkurborg hefur þegar samþykkt að verja 627 milljónum króna til að hrinda fyrstu tillögum starfshópsins í framkvæmd á næsta ári til viðbótar þeim ríflega 670 milljónum sem bættu stöðu grunnskólanna á þessu ári. Borgin mun ekki láta sitt eftir liggja til að auka veg kennara en mikilvægt er að ríki og sveitarfélög vinni saman að lausn vandans s.s. með víðtækri vitundarvakningu sem nái til alls samfélagsins og ívilnandi aðgerðum til að fjölga kennaranemum.

> **Borgin mun ekki láta sitt eftir liggja til að auka veg kennara.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Atferlisrannsókn á mannmaurum

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Til er fólk, einkum börn í amerískum bíómyndum, sem geymir á gluggakistum í herbergjum sínum glerbúr með mold og maurum. Börnin gera það svo að leik sínum að fylgjast með atferli mauranna—og til eru fullorðnir vísindamenn sem gera það sama; og til eru ótal stílabækur með skráningum á ýmsum merkum tilgátum og niðurstöðum um daglega tilveru maura.

Okkur finnst maurarnir skemmtilegir af því að samfélag þeirra er flóknara og þróaðra en virðist í fyrstu. Þetta er bæði óvænt og krúttlegt. Maurarnir skipta með sér hlutverkum og rækja skyldur sínar af aðdáunarverðri samviskusemi og elju. Reyndar er samfélag þessara ofureinföldu lífvera nægilega flókið til þess að sífellt eru vísindamenn að komast að nýjum sannleik um hvernig það virkar. Það er nefnilega ekki hlaupið að því að skilja til botns þá leyndu þræði sem ráða atferli mauranna með því einu að fylgjast með þeim—jafnvel þótt vitsmunamunur sé álitinn töluverður á milli maurs og vísindamanns.

Þetta er nokkurn veginn algilt lögmál. Það er miklu erfiðara að skilja reglur með því einu að fylgjast með heldur en að taka þátt—spyrjið bara þá sem reynt hafa að skilja reglurnar í amerískum hafnabolta án aðstoðar kunnáttumanneskju.

### Geimverubörnin greindu

Líklega gerir maurinn sér enga grein fyrir því að lífveran sem hann verður öðru hverju var við sé æðri vitsmunavera sem sé að fylgjast sérstaklega með honum. Maurinn á örugglega erfitt með að gera sér í hugarlund að nokkurt vitsmunalíf geti verið æðra en hans eigið, eða þá—sem er líklegra—hann er alltof upptekinn við að velta sér upp úr moldinni til þess að velta fyrir sér frumspeki og fyrirbærafræði. Þetta er einn munurinn á manni og maur og leiðir meðal annars til þess að þótt fjölmörg dæmi um að menn fangi maura í búr, þá er ekki vitað til þess að maurar haldi menn sem gæludýr. Allavegana er ekki haft hátt um það.

Við mennirnir höfum þó þá getu að láta okkur detta í hug hvort það geti verið að við sjálf gætum í raun verið hálfgert leikfang æðri vitsmunavera—að veröldin okkar sé glerkrukka í gluggakistu ofurgáfaðs geimverubarns sem gerir það að leik sínum að fylgjast með atferli okkar, skrá niður það sem því finnst áhugavert og reyna að ráða í það hvaða ósýnilegu kraftar og þræðir stjórna okkur.

### Ys og þys í mannmaurabúinu

Þegar geimverubarnið fær mannmaurabú í jólagjöf kemst það fljótlega að því að samfélag mannmauranna er flóknara en virðist í fyrstu. Mannmaurarnir vakna á morgnana, fara með afkvæmi sín í þjálfun, og halda svo á staði þar sem þeir gera eitthvað allan daginn þangað til þeir halda heim með viðkomu í matarbúri þar sem þeir sækja vistir til heimilishaldsins. Þeir stara á skjái, borða, drekka, hlæja oft, gráta stundum og fara svo að sofa.

Geimverubarnið sér líka að þar sem mannmaurunum gengur best þá virðast flestir þeirra eyða stærstum hluta tíma síns í að finna upp á einhverju snjöllu til þess að gera fyrir hina mannmaurana. Sumir taka að sér þjálfun unganna, aðrir sækja mat með veiðum eða rækta á heiðum, sumir passa upp á að mannmaurarnir níðist ekki á hver öðrum,

> En svo tekur geimverubarnið eftir því að við suma mannmaura er dekrað jafnvel þótt þeir virðist lítið eða ekkert leggja af mörkum til þess að bæta líf hinna mauranna. Sumir virðast fá að lifa í allsnægtum af því að foreldrar og forfeður þeirra voru gagnlegir mannmaurar.

sumir búa til ný tæki eða list sem hinir hafa gagn eða gaman að; og þar fram eftir götunum. En þar sem verr gengur virðast maurarnir eiga fullt í fangi með að verja tilvist sína gegn oki og ofbeldi.

Allt er þetta afskaplega áhugavert í augum geimverubarnsins sem starir á leikfangið sitt. Það er margt sem það á mjög erfitt með að skilja, sérstaklega þar sem geimverubarnið hefur enga hugmynd um að á milli mannanna ganga einhvers konar innstæðunótur. Geimverubarnið skilur ekki peninga en trúir því einfaldlega að allir séu að sinna sínu eðli í þágu mannmaurabúsins.

### Við hverja er dekrað?

Með tíð og tíma kemst geimverubarnið ekki hjá því að taka eftir því að svo virðist sem mannmaurarnir kunni mjög misvel að meta framlag hinna mauranna. Sumir lifa fábreyttu og jafnvel fátæklegu lífi á meðan mannmaurarnir hafa ákveðið að leyfa sumum úr sínum hópi að búa við mikinn munað í stórum húsum, stjana í kringum þá og dekra við þá á allan hátt.

Eðlileg ályktun hins greinda geimverubarns er vitaskuld að mannmaurarnir séu að verðlauna þá úr sínum hópi sem gengur best af öllum að uppfylla þarfir allra hinna og keppist þess vegna við að gera lífsgæði þeirra sem best.

En svo tekur geimverubarnið eftir því að við suma mannmaura er dekrað jafnvel þótt þeir virðist lítið eða ekkert leggja af mörkum til þess að bæta líf hinna mauranna. Sumir virðast fá að lifa í allsnægtum af því að foreldrar og forfeður þeirra voru gagnlegir mannmaurar—og sums staðar virðist skynsamlegasta leiðin til að lifa góðu lífi vera fólgin í því að vera vondur við hina mannmaurana og taka af þeim það sem þeir skapa í krafti ofbeldis og kúgunar.

### Stjórnmálamannmaurarnir

Það er óvíst að geimverubarnið skilji hlutverk stjórnmálamannmaura. En það tekur vafalaust eftir því að maurunum líður betur og gengur betur eftir því sem beinni tengsl eru milli þess að skapa verðmæti fyrir aðra og að fá að njóta lífsgæða fyrir sjálfan sig. Samfélög mannmaura þar sem best er að sitja á verðmætum, eða hirða þau af öðrum með afli, eru verri, ójafnari og ofbeldisfyllri.

Og eitthvað virðast stjórnmálamannmaurarnir hafa með það að gera að sníða reglur samfélagsins í aðra áttina eða hina. Vonandi tekst þeim sem flestum að standa frekar vörð um góðu reglurnar en þær slæmu áður en geimverubarnið fær leiða á nýja leikfanginu og sturtar því niður í geimveruklósettið sitt.







# Lyklafellslína, afhendingaröryggi og umræðan



**Steinunn Þorsteinsdóttir**
upplýsingafulltrúi Landsnets

Fyrir okkur hjá Landsneti skiptir umræðan og samtalið miklu máli og því er mér ljúft og skylt að svara hér nokkrum spurningum sem Örn Þorvaldsson setti fram hér í Fréttablaðinu í gær.

**Ein lína í stað tveggja**

Lyklafellslína er framkvæmd sem er í fullu samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga, er á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2015-2024 og samþykkt af Orkustofnun. Línan, sem áður hét Sandskeiðslína 1, er um 27 km 220 kV raflína frá nýju 220 kV tengivirki við Lyklafell að Straumsvík og liggur samhliða Búrfellslínu 3.

Fyrirsjáanlegt hefur verið um nokkurn tíma að styrkja þarf flutningskerfið við höfuðborgarsvæðið vegna breyttrar flutningsþarfar, byggðaþróunar og uppbyggingar innan sveitarfélaganna.

Landsnet og Hafnarfjarðarbær hafa gert með sér samkomulag sem miðar m.a. að því að rífa Hamraneslínur 1 og 2 og að færa Ísallínur 1 og 2 fjær byggðinni en samkomulagið kveður á um að verkefnunum eigi að vera lokið 2018. Bygging Lyklafellslínu er forsenda þess að hægt verði að rífa Hamraneslínur 1 og 2.

Þrjú af fjórum sveitarfélögum sem línan liggur um hafa nú þegar samþykkt framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfin eru forsenda þess að hægt sé að byrja framkvæmdir en stefnt hefur verið á að þær hefjist á árinu 2018. Leyfisveiting Hafnarfjarðarbæjar og Mosfellsbæjar hefur verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er von á úrskurði á fyrri hluta næsta árs.

Í sambandi við kostnað við jarðstrengi þá höfum við tekið saman skýrslu sem hægt er nálgast á www.landsnet.is

**Í sátt við samfélag og umhverfi**

Fyrir okkur hjá Landsneti skiptir umhverfið máli. Við höfum lagt okkur fram við að ganga vel um náttúruna og höfum m.a. fengið hrós fyrir frágang vegna línulagna á Norðausturlandi.

Í tilfelli Lyklafellslínu er áhætta vegna vatnsbóla nær eingöngu á framkvæmdatíma en hverfandi áhætta á rekstrartíma línunnar. Gert hefur verið ítarlegt áhættumat þar sem farið hefur verið ofan í saumana á hverju einasta atriði, öllum þeim tækjum, efnum og umferð sem þarf að vera inni á svæðinu, hvernig við getum komið í veg fyrir slys og til hvaða aðgerða við þurfum að grípa til að koma í veg fyrir að það verði mengun ef einhver atburður á sér stað svo fátt eitt sé nefnt.

**Afhendingaröryggi**

Straumleysið á Reykjanesi í óveðrinu þann 5. nóvember þegar eldingu sló niður í Suðurnesjalínu 1 sýnir mikilvægi þess að byggja aðra tengingu til Suðurnesja. Vegna bilunar í aflrofa fyrir Suðurnesjalínu 1 stóð rafmagnsleysið lengur en ella. Erfitt hefur reynst að sinna viðhaldi á rofanum vegna mikilvægis línunnar en til þess þarf að taka línuna úr rekstri, sem hefur mikil áhrif á bæði raforkunotendur og framleiðendur á Reykjanesi þar sem Suðurnesjalína 1 er eina línan sem tengir íbúa og atvinnulíf á Reykjanesi við meginflutningskerfið. Á vefnum okkar má finna frétt um rafmagnsleysið og tilkynningar frá stjórnstöð á meðan á því stóð.

> **Fyrir okkur er lagt að reka flutningskerfið á sem hagkvæmastan hátt en jafnframt að gæta að rekstraröryggi flutningsmannvirkjanna og það er ávallt okkar mikilvægasta verkefni.**

**Rekstraröryggi skiptir miklu máli**

Það er alls ekki rétt að dregið hafi verið úr eftirliti og viðhaldi hjá Landsneti með þeim hætti sem minnst er á í greininni. Fyrir okkur er lagt að reka flutningskerfið á sem hagkvæmastan hátt en jafnframt að gæta að rekstraröryggi flutningsmannvirkjanna og það er ávallt okkar mikilvægasta verkefni.

Í okkar starfsemi skiptir rekstraröryggið máli og ekki síður jafnréttismálin sem einnig var spurt um. Unnið er að jafnlaunaúttekt hjá okkur og lýkur þeirri vinnu vonandi á árinu 2018.

Og að lokum hvet ég alla til að fylgjast með umræðunni og framkvæmdum m.a. á heimasíðunni okkar www.landsnet.is og samfélagsmiðlum.

Takk fyrir spurningarnar, Örn, þú er alltaf velkominn í spjall til okkar á Gylfaflötina.




# Hvað get ÉG gert?



**Kolbrún Baldursdóttir**
sálfræðingur

Aðdragandi jóla er gleðitími fyrir marga, börn jafnt sem fullorðna. Jólin eru hátíð barna og kæti þeirra og tilhlökkun er sennilega einn af hápunktum tilveru þeirra. Í samfélagi okkar finnst mörgum það vera sjálfsagt að börn séu áhyggjulaus, geti notið bernskunnar og hlakkað til ýmissa viðburða í lífinu. Allt um kring eru allsnægtir og börnin hafa aldrei verið meira hvort heldur af mat, fatnaði, leikföngum eða öðru afþreyingarefni. Það skýtur því skökku við að vita að hér búa börn sem hafa það slæmt og líður illa þrátt fyrir allt tal um rífandi góðæri

Margir þeirra sem komu illa út úr hruninu eru enn að berjast í bökkum. Húsnæðisvandi og hátt leiguverð eru meðal þátta sem standa fyrir þrifum. Staðfest er að það hafa ekki allar fjölskyldur húsaskjól. Sumar fá að halla höfði hjá vinum eða ættingjum í skamman tíma í einu eða búa í húsnæði sem ekki er mönnum bjóðandi.

Fátækt er í öðrum tilfellum fylgifiskur eða afleiðing annarra vandamála t.d. veikinda, þar með talið geðrænna veikinda eða fíknivanda. Börn foreldra sem glíma við langvinn veikindi, líkamleg eða geðræn, sitja oft ekki við sama borð og börn heilbrigðra foreldra. Sama má segja um börn þeirra sem búa á heimilum þar sem áfengis- eða fíknivandi er til staðar þótt slíkur vandi spyrji ekki um félagslega stöðu eða efnahagslega afkomu. Annar hópur barna sem líða þjáningar eru börn sem búa á ofbeldisheimilum. Heimilisofbeldi finnst í öllum tegundum fjölskyldna, óháð efnahag og félagslegri stöðu.

Börnin á þessum heimilum sem hér hefur verið lýst hlakka oft ekkert til jólanna né annarra hátíða nema síður sé. Sum segjast hata jólin. Kvíði og áhyggjur varna því að þau finni fyrir tilhlökkun. Áhyggjur barna í þessum aðstæðum snúast oft um hvernig ástandið verði á heimilinu á aðfangadagskvöld þegar jólin ganga í garð. „Verður mamma komin í glas fyrir mat? Náum við að opna pakkana áður en pabbi sofnar? Verður rifist og slegist eins og í fyrra? Hvert get ég flúið þegar lætin byrja? Kemur eitthvert lið heim?“

Þau sem eiga yngri systkini eru jafnvel komin með plan B og jafnvel C. Þessi börn hafa lært af reynslu sem hefur rænt þau barnæskunni og eru að axla ábyrgð eins og þau væru fullorðin. Þau reyna að halda væntingum í lágmarki, þá verða vonbrigðin minni. Ef þetta sleppur til um þessi jól þá er það bara bónus. Mörg eru búin að þrauthugsa hvort og þá hvað þau geti gert til að draga úr líkunum á að foreldrar þeirra skemmi jólin. „Ó, hvað það væri nú gaman ef við gætum borðað saman jólamatinn, opnað pakkana, hlegið og grínast og farið svo áhyggjulaus að sofa. Kannski verður það þannig um þessi jól?“

**Verndandi þættir**

Meðal verndandi þátta er að láta okkur þessi börn varða, vera meðvituð um þau og aðstæður þeirra og vera tilbúin að grípa inn í. Verndandi þáttur gegn fátækt er samfélagið og samstaða ættingja eða nágranna. Tilfinningatengsl við einhverja utan heimilis getur skipt sköpum, verið akkeri og haldreipi, styrkur og stuðningur. Okkur ber að vera meðvituð um líðan og aðbúnað ekki eingöngu okkar barna heldur allra barna sem verða á vegi okkar: barna vina okkar, vina og bekkjarfélaga barna okkar, barna samstarfsfélaga eða barna nágranna. Ef við höfum áhyggjur af einhverju þessara barna þá þarf að spyrja: „Hvað get ég gert í stöðunni sem gagnast þessu barni?“

> **Ábyrgð, meðvitund og stundum þor er það sem þarf til að stíga inn í aðstæður eða atburðarás ef óttast er að hagsmunum barns sé ábótavant eða þær séu ekki boðlegar því.**

Ábyrgð, meðvitund og stundum þor er það sem þarf til að stíga inn í aðstæður eða atburðarás ef óttast er að hagsmunum barns sé ábótavant eða þær séu ekki boðlegar því. Stundum er nauðsynlegt að tilkynna mál til Barnaverndar eða hringja á lögreglu í tilfellum þar sem grunur leikur á um að heimilisofbeldi og/eða stjórnlaus neysla sé í gangi. Ef við verðum þess áskynja að barn býr við óviðunandi aðstæður er aðeins eitt sem ekki má gera og það er AÐ GERA EKKI NEITT.








# ALLAR ERLENDAR BÆKUR 30% VILDAR AFSLÁTTUR




501 bók
VILDARVERÐ: 2.099.-
Verð áður: 2.999.-




Catalonia
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-




This Day in Rap and Hip-Hop History
VILDARVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-




World of Football Infographics
VILDARVERÐ: 2.449.-
Verð áður: 3.499.-




Be a Flamingo
VILDARVERÐ: 1.049.-
Verð áður: 1.499.-




Endangered
VILDARVERÐ: 8.399.-
Verð áður: 11.999.-




Visual Atlas of the World
VILDARVERÐ: 11.199.-
Verð áður: 15.999.-




RuPaul's Drag Race Paper Doll Book
VILDARVERÐ: 3.149.-
Verð áður: 4.499.-




The East German Handbook
VILDARVERÐ: 5.319.-
Verð áður: 7.599.-

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 17. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

# Tímabært að fá nýja áskorun

Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson hefur glímt við ökklameiðsli síðustu vikur og útilokar ekki aðgerð. Hann yfirgefur Cardiff City að tímabilinu loknu ef liðið fer ekki upp í úrvalsdeildina á Englandi.



Aron Einar Gunnarsson í leik með Cardiff í ensku B-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson hefur verið fjarri góðu gamni í níu af síðustu 11 leikjum Cardiff City í ensku B-deildinni. Landsliðsfyrirliðinn glímir við meiðsli í ökkla sem hafa áður haldið honum frá keppni og háðu honum m.a. í undirbúningnum fyrir EM í Frakklandi í fyrra.

„Ég er að koma til. Þetta eru gömul meiðsli sem hafa verið í 6-7 ár. Þau tóku sig upp eftir Birmingham-leikinn [13. október]. Um leið og ég byrja að hlaupa bólgnar þetta upp því beinið ýtir á liðböndin. Við prófuðum að sprauta inn í þetta til að losa um. Það hefur virkað aðeins,“ sagði Aron Einar sem gæti þurft að fara undir hnífinn til að fá bót meina sinna.

„Það er búið að ræða mikið um það. Það eru góðar líkur á því. Við ætlum að sjá hvernig þetta verður á næstu 3-4 dögum,“ sagði Aron Einar.

Hann segir erfitt að fylgjast með utan vallar. Hann huggar sig þó við að gengi Cardiff hefur verið gott. Liðið hefur fengið 13 stig af 15 mögulegum í síðustu fimm leikjum og situr í 2. sæti ensku B-deildarinnar, fjórum stigum á eftir toppliði Wolves.

„Þetta er erfitt. Ég vil vera með og leggja mitt af mörkum. Sem betur fer hefur liðið spilað vel, náð í góð úrslit og haldið dampi,“ sagði Aron Einar.

Neil Warnock, knattspyrnustjóri Cardiff, greindi frá því á dögunum að Aron Einar myndi yfirgefa liðið ef það kæmist ekki upp í ensku úrvalsdeildina í vor. Aron Einar segir að Warnock hafi farið með rétt mál.

**Ekki leyndarmál lengur**

„Hann segir nú oftast rétt frá. Við höfum spjallað mikið um þetta og hann veit mína stöðu hjá Cardiff. Þetta er tíunda tímabilið mitt á Englandi og níu þeirra hafa verið í B-deildinni sem tekur líkamlega á. Það fer mikil orka í leikina. Ég tjáði honum það fyrir ári að ef við færum ekki upp myndi ég leita annað. Hann skildi það alveg. Þeir hafa boðið mér nýjan samning en vita hvar ég stend með þetta. Sem betur fer þarf ég ekki að fara leynt með það lengur því hann sagði sig um það,“ sagði Aron Einar en

> **Þegar ég skrifaði undir þennan samning við Cardiff vissi ég að ég myndi ekki spila lengur í B-deildinni þegar hann væri útrunninn.**
>
> Aron Einar Gunnarsson

samningur hans við Cardiff rennur út í sumar.

**Áhugi frá Varsjá**

Í sumar bárust fréttir um að Legia Varsjá hefði áhuga á að fá Aron Einar til liðsins. Hann segir að umboðsmaður sinn hafi farið til Póllands, rætt við forráðamenn Legia en ekkert hafi orðið af félagaskiptunum.

„Hann fór og spjallaði við þá. Það er alveg rétt að þeir vildu fá mig. En ég var með samning við Cardiff og tilboðið var bara ekki nógu hátt. Þannig endaði það. Ég var ekki að ýta á eftir einu né neinu,“ sagði Aron Einar.

**Ég er ekki að kvarta**

Miðjumaðurinn öflugi hefur leikið alls 334 leiki í B-deildinni. En hvernig er tilfinningin að vera á síðasta tímabilinu sínu í þessari sterku deild?

„Frábær. Þetta er gífurlega erfið deild, að komast upp úr henni. Hún er erfið líkamlega, að spila alla þessa leiki á svona háu tempói. Þegar ég skrifaði undir þennan samning við Cardiff vissi ég að ég myndi ekki spila lengur í B-deildinni þegar hann væri útrunninn,“ sagði Aron Einar og bætti við að líkaminn væri í ágætis ásigkomulagi þrátt fyrir öll árin í B-deildinni.

„Ég er ekki að kvarta. Maður þarf líka að fá öðruvísi áskorun. Líkaminn er góður, ég er ekki að kvarta yfir því. Það er bara að komast í nýtt umhverfi og prófa sig á öðrum vettvangi.“ ingvithor@365.is

## Nýjast

**Dominos-deild karla**

**Njarðvík - Höttur 86-77**
**Njarðvík**: Maciek Stanislav Baginski 18, Terrell Vinson 17/22 frák/10 stoðs, Logi Gunnarsson 13, Ragnar Nathanaelsson 13.
**Höttur**: Kevin Michaud Lewis 32, Mirko Virijevic 13, Bergþór Ægir Ríkharðsson 10.

**ÍR - Keflavík 96-92**
**ÍR**: Matthías Orri Sigurðarson 23/6 stoðsendingar, Sæþór Elmar Kristjánsson 21/8 fráköst, Ryan Taylor 20, Danero Thomas 17.
**Keflavík**: Stanley Earl Robinson 23/14 frák, Guðmundur Jónsson 15, Ragnar Bragason 12, Reggie Dupree 12, Daði Lár Jónsson 8.

**Valur - Haukar 86-101**
**Valur**: Urald King 23/14 frák, Austin Magnus Bracey 23, Birgir Björn Pétursson 10, Sigurður Sturluson 9, Illugi Steingrímsson 8.
**Haukar**: Kári Jónsson 24, Finnur Magnússon 23/15 frák., Paul Anthony Jones III 16, Haukur Óskarsson 13, Emil Barja 12/9 frák.

**Þór Ak. - Grindavík 79-83**
**Þór Ak.**: Pálmi Geir Jónsson 25, Ingvi Ingvarsson 15, Bjarni Rúnar Lárusson 14,
**Grindavík**: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 21, Dagur Kár Jónsson 21, Ólafur Ólafsson 14/6 stolnir, Ingvi Þór Guðmundsson 7.

**KR - Þór Þ. 96-83**
**KR**: Björn Kristjánsson 23, Darri Hilmarsson 16, Jalen Jenkins 15, Pavel Ermolinskij 14, Kristófer Acox 13, Brynjar Þór Björnsson 12.
**Þór Þ.**: DJ Balentine II 27, Halldór Hermannsson 16, Davíð Ágústsson 11.

**Stjarnan - Tindastóll 80-86**
**Stjarnan**: Sherrod Nigel Wright 17, Róbert Sigurðsson 13, Tómas Hilmarsson 12, Eysteinn Ævarsson 12, Arnþór Guðmunds. 8.
**Tindastóll**: Pétur Rúnar Birgisson 26, Sigtryggur Arnar Björnsson 17, Antonio Hester 12, Brandon Garrett 9, Viðar Ágústsson 8.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 16 | Grindavík | 12 |
| KR | 16 | Stjarnan | 10 |
| ÍR | 16 | Þór Þ. | 8 |
| Tindastóll | 16 | Valur | 8 |
| Njarðvík | 14 | Þór Ak. | 4 |
| Keflavík | 12 | Höttur | 0 |

**Coca Cola-bikar karla**

| | |
|---|---|
| KA - Selfoss | 22-29 |
| HK - FH | 25-37 |
| Fram - Afturelding | 30-26 |
| Haukar - ÍR | 25-23 |
| Fjölnir - ÍBV | 23-31 |

## Í dag

19.40 Sheff. Wed - Wolves Sport 2
21.00 Körfuboltakvöld Sport






Jólapakki er góður kostur fyrir þá sem vilja komast í sólina á hagkvæman hátt! Þegar bókaður er Jólapakki felur það í sér að þú kaupir flugsæti ásamt gistingu.

Jólapakkar eru í boði á brottförum 2. janúar - 14. mars og pakkarnir eru í 7-9-12-13-14 nætur eftir því hvaða brottför á við.

## GRAN CANARIA



**Jólapakki**

**Frá kr. 89.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
6. mars í 7 nætur.

## TENERIFE



**Jólapakki**

**Frá kr. 84.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 84.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
7. febrúar í 7 nætur.



**Jólapakki**

**Frá kr. 84.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 84.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
28. febrúar í 7 nætur.



**Jólapakki**

**Frá kr. 84.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 84.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
7. mars í 7 nætur.



**Jólapakki**

**Frá kr. 69.995 m/ekkert fæði**

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
7. mars í 7 nætur.



**Jólapakki**

**Frá kr. 119.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 119.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
14. mars í 12 nætur.



**Jólapakki**

**Frá kr. 89.995 m/ekkert fæði**

Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
14. mars í 12 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM85566

595 1000 • heimsferdir.is

**Heimsferðir**

*– fáðu meira út úr fríinu*



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug vegna andláts konu minnar, móður, tengdamóður, stjúpmóður, ömmu og langömmu,

**Helgu Jóhannsdóttur**
Hrafnabjörgum 1, Akureyri.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki skurðdeildar FSA fyrir góða og kærleiksríka umönnun Helgu.

**Viggó Benediktsson,**
**Karen Grétarsdóttir, Unnar Eiríksson, Kolbrún Eiríksdóttir, Jóhann Eiríksson, Jórunn Viggósdóttir, María Viggósdóttir, Svava Viggósdóttir, Bryndís Viggósdóttir, Benedikt Viggósson, makar, barnabörn og langömmubörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför systur minnar,

**Ólafar Ríkarðsdóttur**

Einnig viljum við færa starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir þakkir fyrir góða umönnun.

**Ásdís Ríkarðsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og fyrrverandi sambýlismaður,

**Leó Eiríkur Löve**

lést sunnudaginn 10. desember 2017. Hann verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 20. desember kl. 13.00.

**Guðmundur Löve** **Hrefna Björg Þorsteinsdóttir**
**Yrsa Björt Löve** **Hróðmar Helgason**
**Áskell Löve** **Elva Rut Jónsdóttir**
**Anna Margrét Leósdóttir**
**Anna Lísa Kristjánsdóttir**
**og barnabörn hins látna.**



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**Ólafur Friðfinnsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 7. desember 2017. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. desember klukkan 13.00.

**Sigrún Gústafsdóttir**
**Sunneva Líf Ólafsdóttir** **Hafþór Jónsson**
**og barnabörn**
**Iðunn Steinsdóttir**
**Guðríður Friðfinnsdóttir** **Hermann Árnason**
**Stefán Friðfinnsson** **Ragnheiður Ebenezerdóttir**
**Sigrún Bára Friðfinnsdóttir**
**Elín Þóra Friðfinnsdóttir**



Hugheilar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegu litlu dóttur okkar og systur,

**Andreu Eirar Sigurfinnsdóttur**

Þökkum af öllu okkar hjarta fyrir ómetanlega aðstoð og þann mikla stuðning sem við höfum fengið á þessum erfiða tíma.

**Sigurfinnur Bjarkarsson** **Guðrún Jóna Borgarsdóttir**
**Bjarkar Þór Sigurfinnsson**
**Júlía Sól Sigurfinnsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Yrði líklega kærulaus með endalausan tíma

**Magnús Þór Helgason starfar sem tölvunarfræðingur en gefur nú út sína aðra skáldsögu, Vefinn. Magnús skrifar bækur eins og vindurinn þrátt fyrir að vinna fulla vinnu og reka stórt heimili. Til þess hefur hann meðal annars minnkað símahangs.**

Þetta er bara orðinn hluti af lausatímanum hjá manni, þetta hobbí að skrifa bækur. Ég er fjölskyldumaður með börn og nóg að gerast fyrir og eftir vinnu. En ég næ að nýta lausatímann minn nokkuð vel í skrif. Ég reyni að skipta tímanum niður í 30 mínútna einingar og verða alveg súperskipulagður. Þegar ég næ inn 30 mínútna einingu veit ég að ég næ að komast svolítið áfram, gríp niður í kafla eða hugsa út í einhverja persónu,“ segir Magnús Þór Helgason, tölvunarfræðingur og glæpasagnahöfundur, en hann hefur sent frá sér skáldsöguna Vefinn. Magnús, sem er búsettur í Svíþjóð, vinnur fulla vinnu og á þrjú börn þannig að hann þarf að nýta tímann ansi vel til að koma frá sér skáldsögu. Þetta getur hann og gott betur, því að þetta er hans önnur skáldsaga, en sú fyrsta kom út á sama tíma í fyrra.

„Þetta var nú þannig að ég lá í baði og var að hugsa, þannig koma allar mínar hugmyndir. Ég rauk upp úr baðinu og ég mundi ekki hvort börnin væru að fara á æfingu eða ekki, þannig að ég rauk í símann – það er allt í símanum, allir atburðir fjölskyldunnar og svona. Það kom í ljós að það var ekki æfing, þannig að ég lagðist aftur niður en fór að hugsa: „Ætli þetta sé ekki líka svona hjá glæpamönnum í dag? Ætli þeir séu ekki alltaf að skipuleggja sig á netinu? Nota dulkóðun og nafnleysi og annað.“ Þannig að ég ákvað að skrifa sögu um það.“

Sagan fjallar um lektor við Háskóla Íslands sem er nýfluttur heim frá útlöndum. Hann býr við mikið ofbeldi heima fyrir og stofnar því til sambands við Kolbrúnu, ungan stúdent og hakkara, og þannig sogast hann inn í heim netglæpa. Á sama tíma skoðar lögreglan dularfulla bylgju sjálfsmorða þar sem talið er að um morð sé að ræða í einhverjum tilfellum.

Þú hefur ekkert hugsað um að snúa þér bara alfarið að skrifunum?

„Ég hef nú verið spurður að þessu áður. Þetta er gífurlega mikil vinna og sömuleiðis erfitt að komast á þann stað að geta sinnt þessu einungis, ekki margir á Íslandi þar.



**Magnús fær gjarnan hugmyndir í baði, meðal annars að sinni nýjustu skáldsögu, Vefnum.**

**Þegar maður hefur svona lítinn tíma þá nýtir maður hann bara í botn og fer alveg á keyrslu, hugmyndirnar poppa upp og þetta flæðir áfram.**

En það er ákveðinn draumur að gera þetta með, minnka kannski vinnu á móti.“

Þú næðir kannski ekkert að skrifa ef þú hefðir meiri tíma til þess, myndir bara detta í kæruleysi?

„Ég held að það sé góður punktur, þegar maður hefur svona lítinn tíma þá nýtir maður hann bara í botn og fer alveg á keyrslu, hugmyndirnar poppa upp og þetta flæðir áfram. Síðan held ég að ég yrði svo félagslega bældur ef ég væri alltaf bara einn heima að skrifa.“

Magnús segist vanur að vinna undir pressu og með skilafrest á verkefnum og tekur hann það með inn í skrifin.

„Ef maður ætlar að koma með bók um jólin er ákveðinn tímarammi sem maður þarf að miða við, gífurlegur tími sem fer í yfirlestur og annað.“

Magnús segir að fyrst hann geti nýtt sinn takmarkaða tíma í að skrifa bækur ættu allir að geta það.

„Þetta eru bara skilaboð til allra sem hafa áhuga á að setja saman litlar eða stórar sögur að byrja bara eitthvað að skrifa niður. Það kemur á óvart hvað það er mikill tími til að nýta í svona – til dæmis tíminn sem fer í það að hanga í símanum og svona, ég skipti því svolítið mikið út. Svo held ég að maður horfi svolítið á sjónvarp – ég horfi meira fókuserað á sjónvarp núna heldur en áður; eina og eina seríu eða mynd en maður er ekkert að hanga fyrir framan sjónvarpið og athuga hvort eitthvað kemur.“

**stefanthor@frettabladid.is**



Ástkær faðir, fósturfaðir og afi okkar,

**Magnús Bergmann Ásgeirsson**
Ásvallagötu 42,

lést 8. desember. Útförin fer fram frá Neskirkju mánudaginn 18. desember kl. 13.

**Ásgeir Bergmann Magnússon**
**Guðjón Máni og Kári Týr Blöndal.**
**Ásdís, Eggert og móðir þeirra,**
**Elísabet Haraldsdóttir.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og aðstoð við andlát og útför hjartkærs manns míns og besta vinar,

**Marteins Jónssonar / Don**
Donald Lewis Martin
tannsmiðameistara.

**Kolbrún á Heygum Magnúsdóttir**
**og fjölskylda.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilborg Guðjónsdóttir**
Miðtúni 42,

lést á Landspítalanum 10. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 19. desember kl. 13.00.

**Óskar Rafnsson** **Sólveig Hafsteinsdóttir**
**Ásta Karen Rafnsdóttir** **Birgir Gunnarsson**
**Kjartan Rafnsson**
**Sverrir Rafnsson** **Sigrún Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför

**Loga Guðjónssonar**
tölvunarfræðings.

Sérstakar þakkir fá þeir fjölmörgu sem aðstoðuðu og lögðu hönd á plóg við útför Loga og erfidrykkju.

**Sjöfn Gunnarsdóttir** **Embla Rún Logadóttir**
**Margrét Helgadóttir** **Guðjón Halldórsson**
**Sindri Guðjónsson**
**Nanna Þorleifsdóttir** **Helgi Ingvar Guðmundsson**
**Sigríður Björnsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER 2017



# Medea og myrkrið

Kristín Þóra Haraldsdóttir leikkona tekst nú á við eitt þekktasta og harmrænasta hlutverk leikbókmenntanna meðfram því að halda jól með fjölskyldunni. →2.

Kristín Þóra Haraldsdóttir eyðir aðventunni í Aþenu til forna en hún fer með hlutverk Medeu í samnefndri jólasýningu Borgarleikhússins. MYND/ERNIR














LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Kristín Þóra Haraldsdóttir hefur tekist á við fjölmörg ólík hlutverk frá því hún útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskólans vorið 2007. Eitt fyrsta hlutverk hennar eftir útskrift var með Leikfélagi Akureyrar þar sem hún lék í hinu magnaða verki Ökutímar á móti Þresti Leó Gunnarssyni en eftir ár þar lá leiðin í Borgarleikhúsið þar sem hún hefur starfað síðan 2008.

„Ég veit ekki alveg af hverju ég fór út í leiklist,“ segir hún aðspurð hvað hafi dregið hana í faðm leiklistargyðjunnar. „Leikhúsið hefur alltaf heillað mig, alveg síðan ég var barn. Það gerðist eitthvað innra með mér þegar ég fór í leikhús og svo finnst mér leiklistin bæði í leikhúsi og kvikmyndum svo góður farvegur fyrir samkennd. Ég las grein um daginn um rannsókn sem gerð var á áhorfendum í leikhúsi. Hjörtu þeirra slógu í takt meðan á sýningunni stóð. Undirmeðvitund okkar er svo sterk, við tengjum á alls konar hátt án þess að hafa hugmynd um það.“

## Medea er magnaður karakter

Kristín Þóra hefur eins og áður sagði leikið mörg og ólík hlutverk. Þessa dagana er hún að æfa eina harmrænustu persónu leikbókmenntanna, Medeu. „Medea er magnaður karakter,“ segir Kristín Þóra sem hefur legið í rannsóknum á persónunni. „Hún er þekkt fyrir mátt sinn og visku og yfirnáttúrulegan kraft. Hún hefur fórnað öllu fyrir Jason, manninn sem hún elskar og yfirgaf heimili sitt og allt sitt líf fyrir. Þau flúðu saman frá heimalandi hennar og eru þegar verkið hefst flóttamenn í Aþenu þar sem hún, þessi fyrrverandi prinsessa, á engan rétt. Þegar hann svíkur hana og ákveður að giftast annarri konu hrynur veröld hennar og sálarlíf, hún hefur engan stað til að fara á, engan að leita til og innra með henni vaknar djúpur hefndarþorsti. Hún verður viti sínu fjær af sorg og ástin breytist í kolsvart hatur.“



Kristín Þóra heldur jólin með fjölskyldunni og finnst gott að halda í hefðirnar.

Medea verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu þann 29. desember. Listrænir stjórnendur eru Harpa Arnardóttir leikstjóri, Hrafnhildur Hagalín þýðir ásamt því að gera leikgerð og Filippía Elísdóttir sér um leikmynd og búninga. Salurinn verður tvískiptur eftir kynjum en samkvæmt heimasíðu sýningarinnar er kynjaskiptur salur hluti af upplifun sýningarinnar. Hver og einn má þó ráða hvorum megin hann situr. „Verkið er stundum sagt fyrsta skilnaðarverkið,“ segir Kristín Þóra og bætir við: „Kynjaskiptur salur styður við hugmyndafræði og áherslur sýningarinnar.“

Sumir segja að Medea sé fyrsti femínistinn. „Og ég hef spurt mig, hvað þarf til að eitthvað breytist varðandi ofbeldi í garð kvenna? #metoo byltingin snýst ekki um hefnd heldur réttlæti og kannski er Medea í grunninn að leita að einhvers konar réttlæti.“

## Sígildar spurningar

Leikskáldið Evripídes skrifaði harmleikinn um Medeu fyrir meira en 2400 árum. Hann hefur verið settur upp oftar en nokkur annar harmleikur í leiklistarsögunni og endurskrifaður aftur og aftur í gegnum tíðina. En hvaða erindi á svona ævafornt verk við samtímann?

„Hvar á ég að byrja? Það á heilmikið erindi. Ástina og ástarsorg þekkjum við öll, móðurástina þekkjum við, bæði sem börn mæðra okkar og sem foreldrar. En verkið kallar einnig fram sígildar spurningar. Getur hefnd læknað brostið hjarta? Hversu langt erum við tilbúin að ganga til að ná fram réttlæti? Geta öfgafullar aðstæður breytt hverjum sem er í skrímsli? Og kannski síðast en ekki síst: hvort veljum við að lifa í ótta eða kærleika? Það er spurning sem við mannkynið höfum staðið frammi fyrir í aldanna rás. Það á líka við hvernig við komum fram við jörðina okkar. Ætlum við að halda áfram að hundsa loftslagsbreytingar? Hver verður staðan þá eftir 2400 ár? Hvað þarf til að við vöknum? Svo eins og ég sagði áðan eru Medea og börnin hennar gerð útlæg og hrakin á flótta sem er því miður saga allt of margra karla og kvenna í dag.“

## Hefndin er ekki lausn

Medea bregst við erfiðum aðstæðum sínum á hátt sem fólk allra alda hryllir við. Hún lætur ekki ræna sig stolti sínu og heiðri heldur tekur til sinna ráða sem eru skelfilegri en nokkur getur ímyndað sér. Það hefur tekið á tveggja barna móður að reyna að skilja þessa flóknu persónu og gjörðir hennar. „Það er mikilvægt fyrir mig að skilja af hverju nokkur manneskja gerir eitthvað í líkingu við ódæðið sem hún fremur. Ég nálgast hana eins og aðra karaktera, reyni að finna kjarnann í henni og hvað drífur hana áfram. Ég hef auðvitað skoðað mikið grísku harmleikina, Evripídes sérstaklega, samfélag Grikkja á þessum tíma, stöðu kvenna á þessum tíma. Medea fórnar öllu fyrir Jason og þegar hann svíkur hana beitir hún börnunum þeirra fyrir sig í hefndaraðgerðum sínum,“ segir Kristín Þóra og bætir við: „En hún tekst kolrangt á við þetta. Hún nær fram hefnd en hvað svo? Hatrið sprettur upp af ást og hefndin er leit að réttlæti fyrir að hafa fórnað öllu fyrir ástina. Ég held að við getum öll komist á þann stað í örvæntingu og erfiðum aðstæðum að gera eitthvað sem við mundum aldrei gera. Við erum öll góð og vond og hvora hliðina ætlarðu að næra?“

## Myrkrið mesta

Þannig verður Medea líka einskonar táknmynd náttúrunnar sem gefur lífið og tekur það svo til baka og á þeim forsendum er kannski mjög viðeigandi að setja þetta verk upp í svartasta skammdeginu þegar móðir náttúra sýnir sitt kaldasta andlit. Kristín Þóra samsinnir því en bendir á að í svartasta skammdeginu fæðist ljósið. „Evripídes velur mest óhugsandi glæp sem hægt er að fremja handa Medeu en ég er sannfærð um að hún á Maríu mey og ljósið í sér líka. Myrkrið hefur tekið völdin í henni og hún sér ekkert annað á sínum myrkustu stundum.“ En sér Medea ljósið og sólina koma upp? „Henni finnst það,“ svarar Kristín Þóra. „En fólk verður að koma á leikritið og meta fyrir sjálft sig.“

> **Það er mikilvægt fyrir mig að skilja af hverju nokkur manneskja gerir eitthvað í líkingu við ódæðið sem hún fremur.**

## Hefðirnar heilla

Á daginn er Kristín Þóra í Aþenu til forna að leita að réttlæti í hyldjúpum sársauka en á kvöldin er hún tveggja barna móðir, eins og áður sagði, sem er að undirbúa jólin eins og þorri Íslendinga. „Ég viðurkenni alveg að það er svolítið erfitt að vera að æfa grískan harmleik einmitt á þessum tíma. En það er líka upplýsandi því þá finn ég svo vel hvað það er sem vantar í líf Medeu, verð þakklátari fyrir allt mitt.“

Hún segir að jólahaldið sé frekar hefðbundið og er mjög sátt við það. „Ég er heilmikið jólabarn, sérstaklega eftir að ég eignaðist börnin mín og er núna að skapa mínar jólahefðir með þeim en ég borða alltaf það sama á jólunum og svo framvegis. Mér finnst eitthvað heillandi við að halda í hefðirnar fyrir jólin, borða rjúpur heima hjá pabba og mömmu og þess háttar, einhver fegurð í því.“

Þó verkið sé frumsýnt á fimmta í jólum og æfingatíminn því sérdeilis dýrmætur þessa dagana verður Kristín Þóra samt í fríi á lögbundnum hátíðisdögum og þá stefnir hún að því að hafa jólin eins kósí og hægt er og helst vera bara á náttfötunum bróðurpartinn. Medea verður samt ekki langt undan. „Mér á ekki eftir að takast að leggja Medeu, hún verður alltaf þarna kraumandi undir.“



IÐA -bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
Opið til 22 alla daga.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




**VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK:**

FARMERS & FRIENDS
Hólmaslóð 2 / Grandi

FARMERS & FRIENDS
Laugavegur 37

**WWW.FARMERSMARKET.IS**



HÓLMASLÓÐ 2



LAUGAVEGUR 37

# Sál í handgerðum hlutum

Jón Þorbjarnarson ákvað að læra eitthvað nýtt og skráði sig í nám í húsgagnasmíði. Hann er í hópi nemenda sem sýnir handsmíðuð húsgögn í trésmíðastofu Tækniskólans aðeins í dag.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég ákvað að læra húsgagnasmíði því mér finnst gaman að búa eitthvað til sjálfur í höndunum. Ég hafði áður lokið stúdentsprófi en fann mig ekki í bóknámi og langaði því að prófa eitthvað annað,“ segir Jón Þorbjarnarson, sem útskrifast úr faginu eftir jólin. Hann hafði ekki reynslu af smíði, fyrir utan hefðbundna smíðakennslu í grunnskóla en það kom ekki að sök og hann var fljótur að læra handverkið.

Undanfarna daga hefur Jón verið í óðaönn að undirbúa sýningu nemenda á húsgögnum sem þeir hafa sjálfir smíðað og jafnvel hannað. Sýningin verður haldin í trésmíðadeild Tækniskólans, aðeins í dag frá 10-18.

### Lærir réttu handtökin

„Fyrsta árið í náminu fer í að læra réttu handtökin og aðferðir við að smíða. Svo tekur við starfsnám á verkstæði. Ég fékk strax samning hjá meistara í húsgagnasmíði sem rekur fyrirtæki sem smíðar aðallega innréttingar. Þar eru sömu handtökin og við húsgagnasmíðina, svo sem að spónleggja, kantlíma, pússa og yfirborðsmeðhöndla,“ segir Jón sem sér ekki eftir að hafa farið í þetta nám.

### Smíðaði forláta skrifborð

Lokaverkefnið felst í að smíða húsgagn og Jón ákvað að smíða forláta skrifborð í gamaldags stíl. „Ég hef alltaf verið hrifinn af gömlu handverki og finnst gaman að halda í gamlar hefðir því tengdar. Það er auðvitað mikilvægt að handverkið gleymist ekki. Mér finnst líka flott þegar hlutir eru gerðir í höndunum. Það er sál í þeim,“ segir Jón.

### Heflar og geirneglir

Spurður hvað honum finnist skemmtilegast að smíða segir Jón að hann hafi mest gaman af því að smíða húsgögn upp á gamla mátann, þar sem hann þarf að hefla viðinn og nota geirneglingu. Hann segir fimm til tíu nemendur hverju sinni í húsgagnasmíðinni og sér fyrir sér að starfa við fagið í framtíðinni. „Ég reikna með að taka sveinsprófið og halda síðan áfram að vinna og mennta mig í húsgagnasmíði. Svo væri gaman að vinna sjálfstætt með tíð og tíma,“ segir Jón að lokum.



Jón við skrifborðið sem hann smíðaði. MYND/STEFÁN




# Pekanbaka

Pekanbakan á sérstaklega við á aðventunni. Hana er hægt að bera fram með með þeyttum rjóma, ís eða staka með heitum kaffibolla eða heitu súkkulaði. Hentar vel í bæði kaffitímanum eða sem eftirréttur eftir góða máltíð. Eggert Jónsson, konditor og bakarameistari, gefur hér einfalda uppskrift að tveimur bökum því alltaf er gott að eiga böku í frystinum þegar góða gesti ber að garði.

### Tvær pekanbökur

**Tveir botnar, um 18 cm:**

**375 g hveiti**
**110 g flórsykur**
**250 g smjör (kalt)**
**50 g eggjarauður (2 stk.)**

Hnoðað í hrærivél og kælið deigið. Rúllið deiginu yfir formin tvö og kælið á meðan þið gerið fyllinguna.

**Fylling:**

**130 g eggjarauður**
**145 g síróp**
**90 g púðursykur**
**80 g smjör (brætt)**
**50 g rjómi**
**200 g pekanhnetur**

Allt hráefni, utan pekanhnetanna, þeytt í hrærivél í nokkrar mínútur. Setjið 170 grömm af fyllingunni á hvorn botn og stráið 100 grömmum af pekanhnetum yfir hvora böku. Bakið við 170 gráðu hita í 30 mínútur.



# Höfundar afgreiða

## laugardag milli 12 - 17




Tilboðsverð 5.590 kr.
Fullt verð 6.990 kr.




Tilboðsverð 3.690 kr.
Fullt verð 4.290 kr.




Tilboðsverð 3.990 kr.
Fullt verð 4.890 kr.




Tilboðsverð 3.990 kr.
Fullt verð 4.890 kr.




Tilboðsverð 5.590 kr.
Fullt verð 6.990 kr.




Tilboðsverð 5.390 kr.
Fullt verð 6.290 kr.




Tilboðsverð 4.990 kr.
Fullt verð 5.990 kr.




Tilboðsverð 5.490 kr.
Fullt verð 6.490 kr.




Tilboðsverð 6.390 kr.
Fullt verð 7.490 kr.




Tilboðsverð 1.990 kr.
Fullt verð 2.490 kr.




Tilboðsverð 5.999 kr.
Fullt verð 7.490 kr.




Tilboðsverð 4.699 kr.
Fullt verð 5.499 kr.

## sunnudag milli 14 - 17




Tilboðsverð 5.599 kr.
Fullt verð 6.999 kr.




Tilboðsverð 6.390 kr.
Fullt verð 7.490 kr.




Tilboðsverð 4.890 kr.
Fullt verð 5.990 kr.




Tilboðsverð 5.599 kr.
Fullt verð 6.999 kr.




Tilboðsverð 3.999 kr.
Fullt verð 4.999 kr.




**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning


Stranger Things var vinsæl fjölskylduskemmtun á árinu.


The Crown var vinsælasti þátturinn í flokki þeirra sem fólk gaf sér tíma til að njóta.

# Litið yfir Netflix-gláp ársins 2017

Mjög margir njóta þess að horfa á Netflix og stjórna dagskránni sjálfir. Netflix heldur utan um tölur yfir gláp heimsins og gaf nýverið út lista yfir þá þætti sem stóðu upp úr á árinu.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Streymisveitur eru að festast í sessi sem vinsælustu leiðirnar til að njóta skemmtiefnis og framboðið á gæðaefni eykst hratt. Netflix framleiðir orðið stóran hluta af vinsælasta efninu sínu sjálft og er hratt að verða ein aðalsjónvarpsstöð heimsins. Fyrirtækið heldur vel utan um tölur yfir notkun áskrifenda og var að gefa út fjóra topp tíu lista yfir þætti sem stóðu upp úr á ýmsan hátt.

Áskrifendur horfðu á Netflix í rúmlega 140 milljón klukkustundir á hverjum sólarhring, eða rúmlega milljarð klukkustunda á viku. Það var sunnudaginn 1. janúar, á alþjóðadegi þynnkunnar, sem Netflix fékk mesta notkun á einum sólarhring.

Það er til marks um hve alþjóðleg streymisveitan er að hún var meira að segja notuð á Suðurskautslandinu, sem kemur kannski ekkert svo á óvart, því það er líklega fátt sem dregur vísindamennina þar út á kvöldin. Þar glápti einn notandi á alla þætti Shameless án þess að skammast sín fyrir að hanga inni.

Það var á aðeins hlýrri stað, í Mexíkó, þar sem áreiðanlega er hægt að finna fleiri ástæður til að fara út úr húsi, sem flestir áskrifendur horfðu á Netflix á hverjum einasta degi.

Einhver furðulegasta notkunin á Netflix-aðgangi hlýtur að vera að horfa á sömu myndina á hverjum einasta degi allt árið. En það gerði einn notandi, sem gat ekki fengið nóg af Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl. Að meðaltali horfði hver áskrifandi hins vegar á um 60 kvikmyndir á árinu.

Netflix birti fjóra mismunandi topp tíu lista fyrir árið 2017 yfir þætti sem efnisveitan framleiddi sjálf. Það eru þættirnir sem fólk gleypti í sig, þættirnir sem fólk tók sér tíma til að njóta, þættirnir sem fólk horfði á án makans og þættirnir sem drógu fólk saman.


Netflix-efnisveitan nýtur mikilla vinsælda. NORDICPHOTOS/GETTY

» Það var sunnudaginn 1. janúar, á alþjóðadegi þynnkunnar, sem Netflix fékk mesta notkun á einum sólarhring.

## Listarnir fjórir

### Það sem fólk gleypti í sig

Þetta eru þættirnir sem Netflix segir að fólk hafi gleypt í sig, en það þýðir að fólk horfði á þá í meira en tvo tíma á dag.

**American Vandal**
**3%**
**13 Reasons Why**
**Anne with an E**
**Riverdale**
**Ingobernable**
**Travelers**
**The Keepers**
**The OA**
**The Confession Tapes**

### Það sem fólk gaf sér tíma fyrir

Svo eru það þættirnir sem fólk gaf sér sinn tíma í, en það þýðir að fólk hafi horft á þá í minna en tvær klukkustundir á dag.

**The Crown**
**Big Mouth**
**Neo Yokio**
**A Series of Unfortunate Events**
**GLOW**
**Friends from College**
**Ozark**
**Atypical**
**Dear White People**
**Disjointed**

### Það sem fólk horfði á án makans

Þetta voru þættirnir sem fólk horfði á án þess að bíða eftir maka sínum.

**Narcos**
**13 Reasons Why**
**Stranger Things**
**Orange is the New Black**
**Sense8**
**Black Mirror**
**Marvel's The Defenders**
**Marvel's Iron Fist**
**Ozark**
**Mindhunter**

### Það sem fólk horfði á með fjölskyldunni

Síðasti topplistinn er svo yfir þætti sem fólk horfði á með allri fjölskyldunni.

**Stranger Things**
**13 Reasons Why**
**A Series of Unfortunate Events**
**Star Trek Discovery**
**Gilmore Girls: A Year in the Life**
**Riverdale**
**Fuller House**
**Chef's Table**
**Atypical**
**Anne with E**

Þriðji og fjórði listinn byggja á svörum úr könnun sem Netflix gerði í 32 löndum með 60 þúsund þátttakendum.




Farmers Market
orrifinn
GEFA
hrím
www.hrim.is
PAUL HEWITT
PAUL HEWITT
CHASSEUR
Ranúnculus répens
Skriðsóley
Laugavegi 25/ Kringlunni / 553-3003

# Kætist yfir góðum mat

Sóknarpresturinn í Hallgrímskirkju, Sigurður Árni Þórðarson, er mikill matgæðingur. Á vef sínum, sigurdurarni.is, birtir hann uppskriftir í bland við hugleiðingar um lífið, predikanir og ýmsa pistla.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Matreiðsluáhuga Sigurðar Árna Þórðarsonar, sóknarprests í Hallgrímskirkju, má rekja til æskuáranna þegar hann gerði sér grein fyrir því að elda mætti silung með mismunandi hætti og að krydd væri undraefni. „Foreldrar mínir ræktuðu fjölbreytilegt grænmeti. Svo var ég á unglingsárum stórveiðimaður norður í Svarfaðardal og tíndi marga tugi lítra af berjum á haustin. Það er platveiðimaður sem ekki lærir að gera að fiski og elda.“

Á vef sínum, sigurdurarni.is, birtir Sigurður m.a. greinar, pistla og hugvekjur en líka ýmsar ljúffengar uppskriftir. „Vinir okkar hjóna voru alltaf að biðja um þessa eða hina uppskriftina svo við gáfum bara út matreiðslubók eitt árið og gáfum vinum og fjölskyldumeðlimum í jólagjöf. Þar sem óskirnar héldu áfram og ég var með heimasíðu var auðvelt að smella inn uppskriftum sem eru þarna í bland við hugleiðingar um lífið, prédikanir, þjóðmál og annað sem prestur skrifar um.“

## Mikilvægt að borða saman

Eiginkona Sigurðar, Elín Sigrún Jónsdóttir, er að hans sögn betri bakari en hann og líka næmari á uppskriftir. „Hún veit að ég er mikill matfaðir og vil helst elda og hafa marga í kringum mig og gefa mörgum að borða. Því sendir hún mér uppskrift um miðjan dag eða kaupir hráefni og tilkynnir mér að hún hafi fundið þessa góðu uppskrift. Ég verð kátur þegar maturinn er góður, allir borða og standa upp frá borðum með hrós á vörum.“



„Vinir okkar hjóna voru alltaf að biðja um þessa eða hina uppskriftina svo við gáfum bara út matreiðslubók eitt árið,“ segir Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju. MYND/VILHELM

> Að borða saman er mikilvægt, samtölin eru mikilvæg og við snertum hvert annað tilfinningalega þegar við eigum samfélag.
>
> Sigurður Árni Þórðarson

Starf sóknarprests getur verið mjög annasamt og vinnudagar langir. Góður matur í góðum félagsskap skiptir því Sigurð miklu máli. „Í kirkjunni stöndum við prestarnir við borð, altarið. Og í safnaðarheimilum kirkna eru borð og samfélag. Jesús Kristur var veislukarl. Hann er minn maður. Kirkja er í þágu lífsins. Að borða saman er mikilvægt, samtölin eru mikilvæg og við snertum hvert annað tilfinningalega þegar við eigum samfélag. Það vissi Jesús Kristur og ég tek mark á því, líka heima.“

## Áhugi á Biblíumat

Miðjarðarhafsmaturinn, bæði hráefnin og kryddin, eru uppáhald Sigurðar. „Biblíumatur er sértækt áhugaefni og mig langar til að dýpka þekkingu mína á klassísku hráefni fornaldar því það er heilsufæði nútímans. Ég verð í Berkeley í Kaliforníu næstu mánuði og mun örugglega fara á heilsumarkaðina á San Francisco-svæðinu.“

Uppskriftin sem Sigurður gefur lesendum er Maríukjúklingur sem hann segir vera Biblíumat. „Mig grunar að María, móðir Jesú, hafi verið hrifin af svona mat. Hún hefði getað eldað réttinn því hráefnin voru til í þessum heimshluta á uppvaxtarárum Jesú Krists. Og Biblíumatur er alltaf hollur og rímar við heilsufæði nútímans.“



Maríukjúklingurinn bragðaðist vel í félagsskap góðra gesta.

## Maríukjúklingur

Fyrir fjóra

- 4 kjúklingabringur
- 4-6 hvítlauksgeirar
- 1 tsk. kúmmín
- 1,5 tsk. túrmerik
- 1 tsk. kanill, malaður
- Salvía, helst fersk, annars þurrkuð
- 1 stór rauðlaukur
- 3 skalottlaukar
- Sítrónubörkur, rifin með rifjárni
- Safi úr einni sítrónu (helst lífrænni) ca 70 ml, má líka vera appelsínubland
- 150 g spínat
- 300 ml grænmetiskraftur
- 10 döðlur, langskornar, mega líka vera fíkjur eða sveskjur í staðinn.
- Maldonsalt
- Heslihnetur til skreytingar



Setjið Maldonsalt og olíu á heita pönnu. Kjúklingurinn fer á pönnuna og meira Maldonsalt sett yfir kjúklinginn ásamt salvíunni.

Rauðlaukur, skalottlaukur og hvítlaukur skorinn fínt og steiktur við hlið kjúklingabitanna.

Bætið grænmetiskraftinum út í og kryddið með kúmmín, túrmerik og kanil og sítrónuberki.

Best er þó að leyfa hráum kjúklingnum að standa í kæli í sólarhring ásamt kraftinum og kryddinu áður en hann er eldaður.

Bætið næst sítrónusafa, spínati og hnetum yfir. Bætið döðlunum út í. Færið næst yfir í ofn við 180 gráður eða í pott og látið malla í fjörutíu mínútur.

Gæta að því að vökvinn gufi ekki allur upp, bætið við vatni ef sósan er að verða of þykk.

Borið fram með soðnu bulgur, byggi eða kúskús.

Einnig er fallegt að setja eitthvað litríkt við hlið matarins, t.d niðurskorna ávexti á borð við appelsínur eða mandarínur.




Nánari upplýsingar í síma 1817

HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.

Þú getur horft í snjallsíma, spjaldtölvu eða fartölvu hvenær sem þér hentar.

Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is

365





Mikið úrval af hágæða vetrarfatnaði í jólapakkann!




Norsk ullarnærföt úr einstaklega mjúkri og teygjanlegri 100% merino ull





SPORTÍS MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS



Góð sósa er nauðsynleg með graf-laxinum.

## Góð graflaxsósa

Graflax er frábær forréttur og best er þegar maður gerir hann sjálfur. Sósan skiptir öllu máli og er nauðsynleg með laxinum. Það er einfalt að útbúa graflaxsósu.

**Það sem þarf í sósuna**

**2 msk. dill, smátt skorið**
**2 msk. sykur**
**2 msk. sætt sinnep**
**1 msk. Dijon-sinnep**
**2 msk. rauðvínsedik**
**1,5 dl sólblómaolía**
**Salt og pipar**
**1 tsk. koníak**

Setjið dill og sykur í matvinnsluvél og hrærið smá. Blandið sinnepinu og edikinu saman við. Olían er hrærð rólega saman við, líkt og gert er við majónes. Sósan á að þykkna. Bragðbætið með salti og pipar í lokin og koníaki ef vill. Því má sleppa.



## Skemmtileg ljósmyndabók

Ljósmyndabókin Fimm kemur í verslanir í dag en um er að ræða bók sem inniheldur 215 ljósmyndir eftir fimm ára aldamótabörn. Forsagan er sú að árið 2006 dreifði Hálfdan Pedersen, hönnuður og kvikmyndagerðarmaður, hundruðum einnota ljósmyndavéla til fimm ára leikskólabarna í öllum bæjar- og sveitarfélögum á Íslandi. Vildi hann með þessu framtaki hvetja ung börn til að prófa sig áfram með ljósmyndun og um leið að fanga lífið með eigin augum. Hvert barn fékk einnota myndavél með 27 ramma filmu og var viðfangsefni myndanna undir þeim sjálfum komið. Úrval myndanna birtist á ljósmyndasýningum á Menningarnótt og Listahátíð í Reykjavík á sínum tíma. Ellefu árum síðar kemur bókin út með ljósmyndum sem teknar eru víðsvegar um landið og þykja gefa ómetanlega innsýn í veruleika fimm ára aldamótabarna á Íslandi. Bókin er fáanleg á Kex hosteli, í verslunum Geysis, í Bókabúð Máls og menningar og í verslunum Eymundsson. Af hverri seldri bók renna 500 krónur til Barnaspítala Hringsins.

# Drykkur fyrir aðventugesti

Heitur peru- og epladrykkur með vanillu er tilvalinn þegar aðventugesti ber að garði og allir eru orðnir leiðir á rjómakakói. Þessa uppskrift má meira að segja styrkja með rommi fyrir þá sem vilja.

Fyrir 18–10 manns

**1,8 l eplacider**
**1,8 l perusafi (helst án sykurs, annars verður drykkurinn of sætur. Perusafanum má einnig sleppa og nota þá eingöngu eplacider)**
**2 kanilstangir**
**¼ tsk. negull**
**1 stjörnuanis**
**1 vanillustöng**
**Sletta af rommi eða viskíi ef vill**

Hellið safa og cider í stóran pott og dembið anís og negul út í. Skerið vanillustöngina eftir endilöngu og skellið einnig út í pottinn. Látið suðuna koma hægt upp við vægan hita og hrærið oft í pottinum á meðan. Látið malla í 5 til 10 mínútur. Hellið gegnum sigti í stórar krúsir. Fyrir þá sem vilja má bæta rommi eða viskíi í krúsina.

**www.mybakingaddiction.com**






**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**SÁ LANGLÍFI!!!**
'01 VW GOLF. EK 222 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK. ÁSETT 199Þ...100%LÁN!!! #472495. S: 580 8900



**SJÁLFSKIPTI DRAUMURINN !!!**
'02 VW GOLF. EK 196 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 265Þ...100%LÁN!!! #480823. S: 580 8900



**STÓRT HJARTA....SMÁTT VERÐ !!!**
'03 NISSAN MICRA SPORT. EK 139 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK. ÁSETT 280Þ...100%LÁN!!! #472618. S: 580 8900



**4X4 JÓLASLEÐINN!!!**
'04 SKODA OCTAVIA 4X4. EK 248 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK. ÁSETT 399Þ...100%LÁN!!! #480665. S: 580 8900



**HÁTÍÐAR GÆÐINGUR!!!**
'04 NISSAN X-TRAIL. EK 260 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 480Þ...100%LÁN!!! #472755. S: 580 8900



**FULLI FRÆNDINN!!!**
'06 FORD ESCAPE XLS 4X4 4DR. EK 145 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 580Þ...100%LÁN!!! #480812. S: 580 8900



**MÍNA FRÆNKA!!!**
'03 SUZUKI XL7 PLUS/TOURING/LTD. EK 107 Þ.MÍLUR, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 599Þ...100%LÁN!!! #472778. S: 580 8900

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**GERÐ'OKKUR TILBOÐ!!!**
'04 MERCEDES-BENZ C230K SPORT. EK 221 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 999Þ...100%LÁN!!! #480833. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

**Bílalíf**



**1.490.000.-**
VOLVO S40 DÍSEL.Árgerð 2012,ekinn 124.þ km, disel,6 girar,100 % lán mögulegt.Rnr.246611. Á staðnum - S:5621717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

**VAKA**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

## Vinnuvélar



Vorum að fá sendingu af Robus sturtuvögunum. Búvís simi 465 1332

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

**TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !**
**Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is**
**Múrum og smíðum ehf**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar





**HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS**

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.

Þú getur horft í snjallsíma, spjaldtölvu eða fartölvu hvenær sem þér hentar.

Nánari upplýsingar í síma 1817

Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is | 365

## Skemmtanir





**HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19**

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**

**Laugardaginn 16. des**
17:15 Arsenal - Newcastle
17:20 Man.City - Tottenham

**Sunnudaginn 17. des**
14:05 WBA - Man.United
16:20 Bournemouth - Liverpool

Gullnáman

**Ísfirska hljómsvsveitin TRAP**
spilar um helgina frá kl. 00 - 03
Rúnar Þór, Reyni G, Diddi H, Rúnar Villa og Örn Jóns.





**Geir Ólafs. kemur og spilar á laugardagskvöldið kl. 22:30**

**Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar**

## Til sölu



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!.. eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!.. eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Vantar verkstjóra í stórt uppsteypu verkefni. Uppl. í s. 844 5169 Örn og á oulfarsson@gmail.com

Heimilisþrif leitar að duglegum einstakling í kvöldvinnu. Umsækjandi þarf að hafa bílpróf og hreint sakarvottorð. Umsóknir skulu berast á heimilisthrif@heimilisthrif.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com







## Fasteignir

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI





# BÆJARFLÖT 4 - ATVINNUHÚSNÆÐI - HEIL HÚSEIGN

Vorum að fá í einkasölu þetta vandaða atvinnuhús. Um ræðir heila húseign á góðum stað við Bæjarflöt í Grafarvogi, sem er skráð 1200 fm auk ca. 200 fm millilofts, samtals 1.400 fm. Húsið er nýtt í tvennu lagi í dag og eru ca. 700 fm lausir fljótlega og 500 fm í leigu í eitt ár. Vandað hús með góðri malbikaðri 3800 fm lóð. Mikil lofthæð og innkeyrsluhurðir. Góð aðkoma og auglýsingargildi. Hentar vel undir ýmiskonar atvinnurekstur, svo sem höfuðstöðvar fyrirtækis, heildverslun, verkstæðisrekstur, lager og fl. Gott verð og lánakjör í boði.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGA VEITA ÞEIR:



**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
GSM 895 2049



**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399





# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR







**Philips 65PUS6262**
65" Ultra HD LED snjallsjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn og Pixel Plus Ultra HD myndvinnslu. Þriggja átta Ambilight 3 baklýsing með Micro Dimming ásamt 20W Incredible Surround hljóðkerfi. 3 HDMI og 2 USB tengi auk fjölda annarra tæknimöguleika.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 199.995

**2 MÁNAÐA ÁSKRIFT AF SKEMMTIPAKKANUM Á STÖÐ 2 FYLGIR MEÐ!**

## SOUNDBAR
HEIMABÍÓKERFI



PHILIPS

Bluetooth

**Philips HTL1190B**
40W RMS Soundbar með Dolby Digital og þráðlausri Bluetooth tengingu. Hægt að festa á vegg.

**TILBOÐ**
**14.995**
FULLT VERÐ 19.995

## DOLCE GUSTO KYNNING
KYNNING Á NÝJUM DOLCE GUSTO KAFFIVÉLUM

**ALLAR VÉLAR Á TILBOÐI**
**GÓMSÆTUR KAUPAUKI FYLGIR!**

NESCAFÉ Dolce Gusto

Flottur kaffistandur að verðmæti 3.995 fylgir einnig öllum sjálfvirkum kaffivélum.



Lenco



**Lenco SCD650**
Ferðatæki með geislaspilara og hljóðnema ásamt FM útvarpi. Með USB og Aux tengi ásamt tengi fyrir heyrnartól. Frábært fyrsta hljómtæki.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Lenco



**Lenco ICRP212**
FM útvarpsvekjari með LED skjá og klukku með rauðum stöfum sem hægt er að varpa á vegg eða loft.

**VERÐ**
**3.495**
FRÁBÆRT VERÐ

## VEÐURSTÖÐVAR Í ÚRVALI



techno line

**VERÐ FRÁ**
**1.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Með ljósi



MEDISANA

**Medisana 88550**
Snyrtispegill með hringljósi, 13 cm, snúanlegur með 5x stækkun. LED ljós og gengur fyrir AAA rafhlöðum.

**VERÐ**
**5.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 16310176**
Sous Vide vacuumsuðutæki fyrir alla potta. Dælir vatni í 360° með nákvæmri hitastýringu upp á 0,1°C frá 5-100°C. Með LED skjá.



**VERÐ**
**12.995**
FRÁBÆRT VERÐ

OBH NORDICA



**OBH 6885**
750W 2 in 1 samlokugrill með viðloðunarfríum grill- og samlokuplötum. Hægt að opna í 180°, ljós kviknar þegar grillið er orðið heitt.

**TILBOÐ**
**4.995**
FULLT VERÐ 7.995

Tefal

Hægt að skipta um plötur!



**Tefal SW852D12**
700W samlokugrill frá Tefal Snack Collection. 2 gerðir af lausum plötum með viðloðunarfríri húð fylgja fyrir 3 hyrntar samlokur og belgískar vöfflur.

**AUKAPLÖTUR**
Mikið úrval af aukaplötum fyrir beyglur, kleinu-hringi, pönnu-kökur o.fl.

**TILBOÐ**
**9.995**
FULLT VERÐ 14.995

iRobot



**iRobot 895**
Ryksuguvélmenni með nýju og endurbættu AeroForce hreinsikerfi sem hreinsar allt að 50% betur en eldri gerðir. Hægt að stýra með iRobot HOME appi í gegnum snjallsíma. Með iAdapt gervigreind – skynjarar sem bregðast við umhverfinu. Fer sjálf í heimastöð að loknum þrifum og hleðst þar sjálfkrafa. Hægt að tímastilla þrif viku fram í tímann og sýndarveggur/hringur fylgir með.

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 109.995




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR!
Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró
tl.is
RAZER HEYRNARTÓL Í LEIKINA!
27" TÖLVUSKJÁR Í HÁSKERPU
ASUS FJÓRIR KJARNAR OG SSD
59.995
54.995
22.995
139.995
79.995
15.995
ASU-S510UABQ423T
GLÆSILEG OG HRAÐVIRK
8. KYNSLÓÐ INTEL i5
OFURHRAÐI MEÐ NÝJUM 8. KYNSLÓÐAR INTEL i5, 8GB MINNI, 256GB SSD OG 15,6" FULLHD SKJÁ
ASU-STRIXGTX107008G
8GB GTX1070
ASUS STRIX MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ
HÁGÆÐA ASUS STRIX NVIDIA GTX1070 LEIKJA-SKJÁKORT FYRIR KRÖFUHARÐA LEIKJASPILARA
RAP-8900PIS
LYKLABORÐ & MÚS
ÞRÁÐLAUST 5GHZ SETT
VANDAÐ LYKLABORÐ MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM OG HANDHÆG ÞRÁÐLAUS MÚS
MÓÐURBORÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ ÁBYRGJUMST ÁREIÐANLEIKA
129.995
24.995
14.995
CA H4.6 N300
ÖFLUGUR HEIMILISTURN
3 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓÐURBORÐI OG SKJÁKORTI
AFLMIKIL HEIMILISTÖLVA SAMSETT AF SÉRFRÆÐINGUM TÖLVULISTANS. INTEL I5 ÖRGJÖRVI, 8GB MINNI, 240GB SSD
ASU-VP247T
24" HÁSKERPUSKJÁR
FRÁBÆR KAUP FYRIR JÓLIN
HÁGÆÐA FULLHD TÖLVUSKJÁR MEÐ 1MS SVARTÍMA OG FLICKER FREE SKJÁTÆKNI SEM MINNKAR AUGNÞREYTU
SEA-STEA2000400
2TB FLAKKARI
2TB AF GÖGNUM Í VASANN!
TRAUSTUR OG MEÐFÆRILEGUR 2,5" 2TB USB 3.0 FLAKKARI SEM ÞARFNAST EKKI STRAUMBREYTIS
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26
AKUREYRI GLERÁRTORG
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6
REYKJANESBÆR HAFNARGÖTU 90
SELFOSS AUSTURVEGI 34
AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1



**NÝ UPPSKERA**
Beint frá S-Afríku

**JÓLAEPLIN OG JÓLAVÍNBERIN**
komin í Bónus

**979** kr. kg
**Vínber Græn og rauð**
Ný uppskera frá S-Afríku

**327** kr. kg
**Rauð Epli**
Amerísk, í lausu




**ÚRVALS AVOCADO**
frá Mexíkó

**659** kr. 2 stk.
**Calavo Avocado**
2 stk. í neti




Hátíðar
**EFTIRRÉTTUR**

**898** kr. 1 l
**Debic Creme Brulee**
1 lítri

**SANPELLEGRINO**
Sokkabuxur og sokkar




**20%**
**afsláttur til jóla**




**259** kr. 1 kg
**Bónus Kornbrauð**
1 kg




**3.198** kr. stk.
**Amma best**
Gunnar Helgason




**3.159** kr. stk.
**Þitt eigið ævintýri**
Ævar Þór Benediktsson




**3.198** kr. stk.
**Henrí hittir í mark**
Þorgrímur Þráinsson




Sniðugt fyrir
**JÓLASVEINA**

**698** kr. stk.
**Colgate Rafmagnstannbursti**
Minions, 3 tegundir

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI

Norðlenskt
**KOFAREYKT**
hangikjöt






**1.798** kr. kg
**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, með beini

**1.898** kr. kg
**KF Hangiframpartur**
Kofareyktur, úrbeinaður

**2.798** kr. kg
**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, úrbeinað

KS

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




Ali




**VINSÆLASTI**
hamborgarhryggurinn í Bónus

**1.669** kr. kg
**Ali Hamborgarhryggur**
Með beini

**998** kr. kg
**KS Lambalæri**
Frosið

**798** kr. kg.
**KS Lambabógur**
Frosinn



**3.598** kr. kg
**KS Lambafillet**
Frosið

**6x2L**




Aðeins **150** kr. flaskan

**898** kr. 6x2 l
**Pepsi og Pepsi Max**
Kippa, 6x2 lítrar

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING

# Við nálgumst söguna sem vefarar

**Bókin Kljásteinavefstaðurinn – kljásteinarnir klingja verður kynnt í dag í Heimilisiðnaðarfélagi Íslands að Nethyl 2e. Höfundarnir eru þrjár konur sem allar hafa fengist við vefnað eða spuna mikinn hluta ævi sinnar. Ein þeirra er Hildur Hákonardóttir sem hér segir frá.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þetta er svona þriggja landa sýn á vinnu kvenna. Við erum að reyna að fylla inn í kvennasöguna. Það voru konur sem stóðu við að vefa voðir sem notaðar voru sem gjaldmiðill upp í kirkjutíundir, vinnulaun verkafólks, skatta og utanferðir. Þessu viljum við halda á lofti,“ segir Hildur Hákonardóttir vefari, rithöfundur og þýðandi, um bókina Kljásteinavefstaðurinn – kljásteinarnir klingja sem hún hefur skrifað, ásamt Mörtu Klove Juuhl í Noregi og Elizabeth Johnston á Hjaltlandi. „Við höfðum ritstjóra en ég átti hugmyndina að bókinni og því að gera hana þverfaglega. Við leggjum þar að jöfnu háskólavísdóm og visku handverksfólks því við nálgumst söguna sem vefarar en svo eru líka greinar eftir fornleifafræðinga og fleiri sem hafa stúderað textíl á Norðurlöndunum.“

Vefstaður er stórt áhald sem til hefur verið alveg frá steinöld. Við það var staðið og ofið. „Frá örófi alda var vefstaðurinn með þessu lagi og hann var til um víða veröld,“ segir Hildur sem er svo heppin að eiga slíkan vefstað og hann veglegan, enda smíðaður af Guðjóni Kristinssyni frá Dröngum. Kljásteinarnir liggja þar undir, það eru steinar með götum sem látnir voru hanga í uppistöðuþráðunum og gefa þeim þyngd. Á vefstaðnum hennar Hildar hangir grá voð, sem

**ÉG TRÚI AÐ ÍSLENSKAR KONUR HAFI EKKI VILJAÐ SKIPTA VEGNA ÞESS AÐ ÞÁ HEFÐU ÞÆR MISST VINNUNA, ÞVÍ ÞAÐ VORU KARLMENN SEM ÓFU FYRST Á LÁRÉTTU STÓLANA OG ÞAÐ VAR VERKSTÆÐISVINNA. ÞAR MEÐ VAR VEFNAÐURINN KOMINN ÚT AF HEIMILUNUM.**

líkist ullarreyfi, hana hefur Hildur ofið, kveðst reyndar hafa fengið hjálp við það. „Þessi voð er tveggja metra löng, þetta er eftirlíking af vararfeldinum gamla. Hann var reyndar kallaður röggvarfeldur ef hann var til heimabrúks en vararfeldur ef hann var verslunarvara. Vararfeldur var verðeining og markaðurinn virðist hafa verið mjög skipulagður,“ útskýrir hún og sveipar um sig feldinum.

Hildur segir vaðmál hafa verið staðlað og auðseljanlegt og því hafi það verið stór liður í utanríkisverslun þeirra þriggja landa sem koma að gerð bókarinnar, Íslands, Noregs og Hjaltlands. „Þegar íslenska vaðmálið okkar var klippt niður úr vefstaðnum þá fór það bara í skip og í vinnslu erlendis á flókin verkstæði, þar var það þvegið, strekkt, ýft, lóskorið og litað. Úr því komu voðir og ekki er hægt að rekja hvaða flíkur voru á endanum gerðar úr þeim.“

Hildur kveðst reyna að ráða í hvers vegna við Íslendingar héldum áfram að vefa á vefstað fimm



Hildur við vefstaðinn sem Guðjón Kristinsson frá Dröngum smíðaði og prýddi með útskurði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hundruð árum lengur en aðrar þjóðir á Vesturlöndum. „Lárétti vefstóllinn var orðinn algengur í Evrópu um 1200 en við Íslendingar héldum enn áfram að vefa á vefstað til 1750. Ég trúi að íslenskar konur hafi ekki viljað skipta vegna þess að þá hefðu þær misst vinnuna, því það voru karlmenn sem ófu fyrst á láréttu stólana og það var verkstæðisvinna. Þar með var vefnaðurinn kominn út af heimilunum. Konan var heima, karlmaðurinn úti að vinna.“

Það var Skúli Magnússon sem með Innréttingunum setti upp fyrstu vefverkstæðin með láréttum vefstólum. Hildur segir það gerast eiginlega á nákvæmlega sama tíma og vefnaður var að verða vélvæddur erlendis. „Svo við vorum löngu búin að missa af „lestinni“ og náðum okkur ekki á strik með ullariðnaðinn fyrr en rafmagnið og heita vatnið kom til,“ segir hún.

Bókin er glæsileg. Hún er gefin út í Noregi en verður til sölu í Heimilisiðnaðarfélaginu að Nethyl 2e. Þar verður kynning á henni í dag, föstudag klukkan 19. Hún er að mestu rituð á ensku, enda ætluð fyrir alþjóðlegan markað, en ýmsar leiðbeiningar eru líka á norsku og íslensku. „Þó ég sé mikil íslenskumanneskja þarf stundum að nota hið alþjóðlega esperanto, eins og ég kalla enskuna,“ segir Hildur.

En er vefnaður liðinn undir lok hér á Íslandi? „Nei,“ svarar Hildur. „Hún Margrét Valdimarsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélagsins, segir hann á uppleið í íslensku samfélagi og fullt á öllum vefnaðarnámskeiðum. Vefnaðurinn passi svo vel við arkitektúrinn núna, til mótvægis við glerið og steininn. Tölvurnar og öll rafrænu samskiptin kalla líka á þörf fyrir eitthvað upprunalegt.“





VINSÆLAR JÓLABÆKUR
Á ENN BETRA FORLAGSVERÐI
Arnaldur Indriðason
MYRKRIÐ VEIT
VERÐ ÁÐUR 5.590 kr.
VERÐ NÚ 4.990 kr.
YRSA
Gatið
VERÐ ÁÐUR 5.990 kr.
VERÐ NÚ 5.490 kr.
KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR
Elín, ýmislegt
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
FJÖRU VERÐLAUNIN TILNEFNING
VERÐ ÁÐUR 5.590 kr.
VERÐ NÚ 4.990 kr.
Passamyndir
EINAR MÁR GUÐMUNDSSON
VERÐ ÁÐUR 5.890 kr.
VERÐ NÚ 4.990 kr.
RAGNAR JÓNASSON
MISTUR
VERÐ ÁÐUR 5.990 kr.
VERÐ NÚ 5.490 kr.
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
Sakramentið
VERÐ ÁÐUR 5.990 kr.
VERÐ NÚ 5.490 kr.
Jón Kalman Stefánsson
SAGA ÁSTU
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
VERÐ ÁÐUR 5.990 kr.
VERÐ NÚ 5.490 kr.
ELÍNBORG LÁRUSDÓTTIR
TVENNIR TÍMAR
VERÐ ÁÐUR 5.590 kr.
VERÐ NÚ 5.290 kr.
NEIL GAIMAN
NORRÆNAR GOÐSAGNIR
VERÐ ÁÐUR 5.190 kr.
VERÐ NÚ 4.690 kr.
FRIÐGEIR EINARSSON
FORMAÐUR HÚSFÉLAGSINS
VERÐ ÁÐUR 5.590 kr.
VERÐ NÚ 4.990 kr.
GEIMVERUR
LEITIN AÐ LÍFI Í GEIMNUM
Sævar Helgi Bragason
VERÐ ÁÐUR 5.190 kr.
VERÐ NÚ 4.490 kr.
FUGLAR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
VERÐ ÁÐUR 5.190 kr.
VERÐ NÚ 4.790 kr.
VERTU ÓSÝNILEGUR
Flóttasaga Ishmaels
KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
FJÖRU VERÐLAUNIN TILNEFNING
VERÐ ÁÐUR 4.190 kr.
VERÐ NÚ 3.590 kr.
ÞITT EIGIÐ ÆVINTÝRI
ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
VERÐ ÁÐUR 4.190 kr.
VERÐ NÚ 3.590 kr.
LEWIS CARROLL
ÆVINTÝRI LÍSU Í UNDRALANDI
YAYOI KUSAMA
VERÐ ÁÐUR 5.290 kr.
VERÐ NÚ 4.990 kr.
FORLAGIÐ
NÆG BÍLASTÆÐI OG HEITT Á KÖNNUNNI
JÓLADAGATAL – EINN VIÐSKIPTAVINUR Á DAG FÆR PAKKA
INNPÖKKUNARBORÐ Á STAÐNUM OG GEFINS MERKIMIÐAR
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | helgar 11–19 | www.forlagid.is








**Sönghópurinn Elfur ætlar að láta raddirnar hljóma í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld.**

# Dálítið góður jólakokteill

Fjölhæfur hópur atvinnusöngkvenna flytur brakandi ferskar útsetningar sínar á þekktum jólalögum í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld – án undirleiks.

Sönghópurinn Elfur heldur jólatónleika í kvöld klukkan 20 í Fríkirkjunni í Reykjavík. Þar eru á ferðinni sex atvinnusöngkonur sem spanna vítt raddsvið. Þetta eru þær Hulda Dögg Proppé sópran, Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran, Rakel Edda Guðmundsdóttir sópran, Auður Guðjohnsen alt, Lilja Dögg Gunnarsdóttir alt og Svanfríður Hlín Gunnarsdóttir alt.

„Þetta er dálítið góður jólakokteill,“ segir Auður og tekur fram að þær stöllur syngi a cappella, það er að segja tónlist sem er eingöngu fyrir raddir. „Það er ekki mikið um svoleiðis tónleika,“ bendir hún á og kveðst telja dagskrána metnaðarfulla og glæsilega. „Við syngjum jólalög í bland við önnur og þetta eru meðal annars útsetningar eftir okkur í hópnum. Við erum nokkrar þar sem erum dálítið að útsetja og græjum texta sjálfar við lög sem eru ekki með íslenskum texta.“

Þetta er greinilega fjölhæfur hópur sem gengur í verkin og gerir það sem gera þarf, meðal annars að yrkja. En er ekki líka eitthvað á dagskránni sem almenningur þekkir? „Jú, jú,“ svarar Auður sannfærandi. „Þetta eru alveg lög sem fólk þekkir. Raddirnar okkar sjá bara um undirleikinn og því útsetjum við þau fyrir raddirnar.“ **– gun**

# Fjör og fordómar í blokkinni

**BÆKUR**

**Fólkið í blokkinni: Dýragarðurinn**

★★☆☆☆

***Ólafur Haukur Símonarson***

**Útgefandi:** Sögur útgáfa
**Prentun:** Prentmiðlun ehf., Lettlandi
**Fjöldi síðna:** 125
**Kápa:** Guðjón Ingi Hauksson

Fólkið í blokkinni: Dýragarðurinn er sjálfstætt framhald bókarinnar Fólkið í blokkinni sem kom út árið 2001. Dýragarðurinn gerist í sömu blokk og fyrri bókin og þar býr að mestu sama fólk og áður. Sagan er sögð í fyrstu persónu, út frá sjónarhorni Viggu, stálpaðrar stúlku sem þarf að hafa hemil á uppátækjasömum bróður sínum og vinum hans tveimur, tvíburunum Ara og Bjarna. Dýragarðurinn sver sig í ætt prakkarasagna sem eiga sér langa sögu hér á Íslandi og rekja má aftur til Nonnabóka Jóns Sveinssonar. Sagðar eru ýmsar skemmtisögur en stóra málið er uppbygging heils dýragarðs en í þá framkvæmd ráðast Óli, tvíburarnir og sjálfur afi sem fluttur er inn til Óla, Viggu og foreldra þeirra. Það er heilmikið líf og fjör og stundum má brosa að hamaganginum.

Prakkarasögur eru drifnar áfram af atburðum frekar en djúpri persónusköpun og á það við um Dýragarðinn. Persónurnar eru týpur og flestar ágætar sem slíkar. Vigga er til að mynda rödd viskunnar og strákarnir dæmigerðir athafnapiltar sem framkvæma áður en þeir hugsa – og minna svolítið á uppáhaldstvíbura allra, Jón Odd og Jón Bjarna. Aðrar týpur eru öllu síðri. Húsvörðurinn Robbi er dæmigerður full húsvörður og verður síður en svo ánægður þegar í húsið flytur kona að nafni Valerí. Hann er sannfærður um að hún sé „hóra“, eins og það er orðað í bókinni. Hann virðist illa haldinn af Pólverjafordómum og er líka illa við „svertingja“ sem að hans sögn ljúga allir og svíkja.




